

**Heit og ljúffeng**  
  
**PIZZA**  
 Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu



Símanúmer  
 Landsbankans  
 á Ísafirði  
 er  
**410 4156**

Landsbankinn  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 29. mars 2007 · 13. tbl. · 24. árg.



**Óbeisluð fegurð**  
 – sjá viðtal í miðopnu við hressar konur á Ísafirði sem standa fyrir óhefðbundinni fegurðarsamkeppni. Þær segja loðin bök geta verið kynþokkafull og það séu ekki einungis „brjálaðir femínistar“ sem finnst hefðbundnar fegurðarsamkeppnir gagnýnisverðar



Var orðinn hundleiður

**Skemmdu bíl í átökum**  
 Tveir ungir menn lentu í átökum á hafnarsvæðinu á Ísafirði undir lok síðustu viku og hlutu einhver meidd af. Einnig mun bifreið hafa skemmt í átökunum og hafa kærur verið lagðar fram vegna málsins.  
 Eitt fikniefnamál kom upp hjá lögreglunni á Ísafirði í síðustu viku þar sem lagt var hald á áhöld til fikniefnaneyslu og leyfar af fikniefnum.  
 Á fimmtudag í síðustu viku ók flutningabifreið aftan á jeppabifreið á Vatnsfjarðarvegi í Ísafjarðardjúpi. Bifreiðarnar munu hafa skemmt lítið og gátu báðir aðilar haldið áfram för sinni, annar suður og hinn vestur.

# Sala á eignum í fjölbýli eykst og verð hækkar

Á tímabilinu frá ágúst í fyrra fram til loka janúarmánaðar í ár seldust 34 fasteignir í fjölbýli á Ísafirði samkvæmt verðsjá fasteigna. Tíu eignir voru 2 herbergja og jafn margar voru 3 herbergja. Átta fasteignir voru 4 herbergja og tvær voru 5 herbergja. Meðaltalsfermetraverð var ríflega 80 þúsund. Á sama tímabili ári fyrr seldust 23 fasteignir í fjölbýli, og er aukningin því um 48% á milli ára.  
 Taka verður þó fram að þegar sölutölur eru þetta lágur þarf lítið til að þær fari á flug, upp eða niður. Meðaltalsfermetra-

verð árið á undan var ríflega 76 þúsund, og jókst verð því um 5,4% á milli ára. Virðist þetta vera áframhald á sömu þróun sem átt hefur sér stað síðastliðin ár, það er að tölur verð aukning sé í seldum íbúðum og að verð séu að hækka.  
 Fasteignaverð á svæðinu hafði staðið nokkurn veginn í stað um nokkuð árábil á meðan fasteignaverð, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, hækkaði.  
 Verðsjá fasteigna birtir upplýsingar um verð íbúðarhúsnæðis samkvæmt kaupsamningum.

– eirikur@bb.is



Ísafjörður.

**SAGÐI BANKANUM SÍNUM UPP!**  
 Ætlar að reyna við Sparisjóðinn

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálfyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfr viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

**SPARISJÓÐURINN**  
 – fyrir þig og þína

**„ÁHYGGJULAUS“**  
 ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

**EIMSKIP** | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA ÞJÓNUSTA EIMSKIPS  
**525 7800**





## Dagurinn í dag

29. mars 2007 – 88. dagur ársins

**Þennan dag** árið 1947 hófst Heklugos en þá voru nær 102 ár síðan síðast gaus. Gosmökkurinn náði upp í 30 km hæð og aska barst til Bretlandseyja og jafnvel til Finnlands. Gosið stóð fram í apríl 1948.

## MÍ stigahæsti skólinn í trésmíði

Menntaskólinn á Ísafirði var stigahæsti skólinn í trésmíðum á Íslandsmóti iðnnema sem fram fór í Kringlunni sl. föstudag. Einar Birkir Sveinbjörnsson frá MÍ bar sigur úr þytum í flokknum og Birgir Fannar Pétursson var í öðru sæti. Sveinn Smáráson frá Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra var í þriðja sæti. Fjórir keppendur fóru fyrir hönd MÍ til keppni á mótinu og voru þar þessir tveir trésmíðanemar og einnig tveir nemar í stálsmíði. Þetta er í fyrsta sinn sem trésmíðadeild MÍ tekur þátt á Íslandsmóti iðnnema. 20 iðnnemar tóku þátt í flokki trésmíða frá þeim 10 skólum er kenna hana hér á landi. Keppendur í stálsmíði voru 16 talsins. Á mótinu kepptu nemendur í 11 iðngreinum, en í keppninni tóku þátt 75 nemendur.



Fjölmenni sótti opnun ráðstefnunnar.

# Ráðstefna og íbúáping um innflytjendamál

Alþjóðleg ráðstefna um innflytjendamál sem ber heitið Innflytjendur – Hvalreki eða ógn fyrir samfélögin á landsbyggðinni, var sett á Ísafirði á mánudag. Ráðstefnuna opnuðu Elsa Arnardóttir, forstöðukona Fjölmenningaseturs Íslands og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Á mánudag tóku til máls Philomena de Lima og David Bruce en erindi þeirra fjölluðu um aðlögun innflytjenda í dreifbýlum samfélögum og hvernig skapa skal opið samfélag. Þá voru þeir Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsherra og Alp Mehmet, breskur sendiherra með stutt innlegg. Á þriðjudag voru

haldnir sex fyrirlestrar auk þess sem fjallað var um hlutverk og ábyrgð stjórnvalda í móttöku og þáttöku innflytjenda í samfélaginu.

Síðasti dagur ráðstefnunnar var í gær en þá var fjallað um hvernig skapa skal samfélag sem býður alla velkomna. Þá flutti Wolfgang Bosswick fyrirlestur um staðbundna stefnumótun varðandi aðlögun innflytjenda.

Einar Kristinn segir að það sé hagur allra að taka vel á móti innflytjendum, en í því felist m.a. að bæta túlkapjónustu og íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í ræðu sinni sagði Einar Kristinn m.a. að Íslendingar eigi að vera mun betur í

stakk búnir en margar aðrar þjóðir að taka vel á móti fólki frá öðrum löndum. „Fólki sem kemur hingað til að vinna með okkur, halda hagkerfinu gangandi með okkur, hraða framþróun okkar – og fólki sem auðgar menningu okkar og mannlíf svo um munar. Við hljótum að fagna komu þess og leggja okkur fram um að standa vel að móttöku þess, hvort sem það kemur til lengri eða skemmri dvalar. Það er hagur okkar allra.“

Þá fór Einar Kristinn yfir hvað felst í því að taka vel á móti fólki frá öðrum löndum og nefndi að sérstaklega þurfi að huga að upplýsingagjöf, túlkapjónustu, vinnu- og markaðs-



Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsherra var á meðal ráðstefnugesta.

málum, auknum rannsóknum á högum innflytjenda og síðast en ekki síst íslenskukennslunni eins og starfstengd íslenskunámskeið fyrir erlenda

starfsmenn í fiskvinnslu á Íslandi beri með sér. Jafnframt þurfi að gera ákveðnar kröfur til innflytjenda, sem feli m.a. í sér að gefa ekki eftir grund-

vallaratriði vestrænna lýðræðissamfélaga, um lýðræði, mannréttindi, jafnræði kynjanna, frjálslyndi og önnur slík vestræn lífsgildi. – tinna@bb.is

# Byggðalögin þola ekki lækkun á aflareglu

Guðmundur Halldórsson, fyrrverandi formaður smábátafélagsins Eldingar, segir að smærri byggðalög á Vestfjörðum muni ekki þola að aflaregla á þorski verði færð niður úr 25% í 22%, líkt og Hafrannsóknastofnun lagði til síðasta sumar. Segir hann þetta jafngilda ríflega 50 þúsund tonna niðurskurð á landsvísu að verðmæti 130 milljörðum. Þá reiknast honum til að í Bolungarvík einni

saman jafngildi þetta niðurskurð um 1.150 tonn af þorski að verðmæti tæpum þremur milljörðum. Tapað aflaverðmæti á ári væri þá um 230 milljónir.

„Byggðalögin þola þetta ekki“, segir Guðmundur. „Þetta er gert til verndar þorskinum. Ég er ekki að segja að við þurfum ekki niðurskurð, en kvótakerfið leyfir ekki niðurskurð því þá hrynja byggðalögin.“

Þá segist Guðmundur hræddur

um að þetta náist í gegn því hann gruni að stóru útgerðirnar muni taka undir þessa breytingu. Hafrannsóknastofnun lagði til áður nefnda lækkun í skýrslu sinni um nytjastofna og aflahorfur sem kom út síðasta sumar. Á síðasta aðalfundi LÍÚ sagði sjávarútvegsherra, Einar K. Guðfinnsson, að ráðgjöfin í skýrslunni hefði valdið honum vonbrigðum, en að hann hygðist ekki lækka veiðihlutfallið í þorski frá þeim 25% sem nú gildir.



Bolungarvíkurhöfn.





## Innan við 1% fluttra opinberra starfa fara til Vestfirða

Vestfirðir hafa verið gróflega vanræktir hvað varðar flutning opinberra starfa út á land. Þetta er haft eftir Önnu Kristínu Guðmundsdóttur, þingmanni Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, á fréttavef Ríkisútvarpsins. Þar segir að af þeim 850 opinberu störfum sem flutt hafi verið út á land á síðustu tíu árum hafi sex orðið til á Vestfirðum, en það mun koma fram í svari iðnaðarráðherra, Jóns Sigurðssonar, við fyrirspurn Önnu Kristínar. Á þessu tímabili munu rúmlega 140 opinber störf hafa orðið til á Vesturlandi, um 60 störf á Norðurlandi vestra, ríflega 200 á Norðurlandi eystra, ríflega 220 á Suðurlandi og 205 á Suðurnesjum. Eins og áður segir urðu sex störf til á Ísafirði af alls 850. Það gerir 0,7%. Vestfirðingar eru um 6,4% landsbyggðarbúa.

# Háskóli unga fólksins og sumarháskóli í fuglaskoðun á vegum Háskólasetursins

Háskólasetur Vestfirða býður upp á sumarháskóla í ár líkt og sl. sumar. Meðal þess sem verður boðið upp á í ár er Háskóli unga fólksins, en í júnímánuði býðst unglingum fæddum 1991-95 að sækja fjölda stuttra námskeiða þar sem kennarar á háskólastigi fjalla um heima og geima. Hver nemandi getur tekið allt að sex námskeið og lýkur háskólanum með brautskráningarárhátíð. Námskeið sem unglingarnir geta tekið eru: Vísindavefurinn, leiklistarfræði, snjóflóðafræði, fiskeldisrannsóknir, verkfræði, stjórnmálafræði, afbrotufræði, umhverfisfræði, skipulagsfræði, lögfræði og læknisfræði.

Háskólasetrið býður einnig upp á sumarháskóli í fuglaskoðun, en það er námskeið í fuglafræði í samvinnu við

Náttúrustofu Vestfirða og með aðstoð Háskólaseturs HÍ á Snæfellsnesi og fer það fram við Látrabjarg. Með þessu vill Háskólasetur Vestfirða gefa námsmönnum og almenningi tækifæri til að taka feltnámskeið við eitt mesta fuglabjarg landsins, en það er námskeið þar sem farið er á staðinn í stað þess að vinna að rannsóknunum í skólastofu til að mynda.

Á námskeiðinu verður fjallað um atferlisrannsóknir á fuglum; skilgreiningar á atferlisgerðum og ákvörðun á röðum atferlisgerða, tímamælingar á atferlisgerðum á móti punktmælingum á gerðum. Fjallað verður atferlisgerðir miðað við stöðu einstaklings, samskipti einstaklinga; para á hreiðurstað og geldfugla. Einnig verður fjallað

um tímanotkun fugla á hreiðri. Fjallað verður um fuglamerkingar. Farið verður yfir tilgang og sögu merkinga, helstu gerðir af merkingum frá hefðbundnum málmmerkjum upp í gervihnattasenda og

gps-senda. Þá verður greint frá aðferðum til að veiða fugla til merkinga, helstu mælingum og aldursgreiningum á fuglum ásamt tilgangi mælinganna.

Þá verður farið í skipulag-

ingu gagnaöflunar og úrvinnslu merkingagagna, frá skipulagðri skráningu í mörkinni að söfnun, varðveislu og úrvinnslu stórra gagnasafna. Einnig verður rætt um söfnun lífssýna, tilgang söfnunarinn-

ar, aðferðir við söfnun og varðveislu sýna. Umfjöllun verður með áherslu á fugla, sem athugaðir verða á staðnum (máfa, fýl og vaðfugla).

– annska@bb.is

## Opnunarhátíð!

Föstudaginn 30. mars kl. 18:00 opnar kosningamiðstöð D-listans á Ísafirði í Silfurgötu 5 (þar sem Straumur var til húsa).



- Frambjóðendur verða á staðnum.
- Tónlistaratriði.
- Veitingar fyrir unga sem aldna.
- Allir velkomnir, hlökkum til að sjá þig.



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN  
NORÐVESTURKJÖRDÆMI



Margrét Kristjánsdóttir og Lilja Kristinsdóttir moka grjótið af bílastæði Margrétar. Mynd: Páll Ónundarson.

## Varnargarðar við Brimnesveg fyllast af grjóti

Mikill sjór gekk yfir varnargarðinn við Brimnesveg á Flateyri á miðvikudagskvöld í síðustu viku með þeim afleiðingum að garðar fylltust af grjóti og mól. Þetta er ekkert einsdæmi því sjór gengur reglulega yfir varnargarðinn með fyrrgreindum afleiðingum, síðast á Þorláksmessu. Auk þess losnar og skemmist slitlagið á götunni oft í veðrum sem þessum.

Margrét Kristjánsdóttir, íbúi við Brimnesveg, segir að

vissulega sé þetta mjög þreytandi. Garðurinn hennar og annarra íbúa við götun fyllist af grjóti sem þarf að moka burt auk þess sem girðingar og garðveggir geti skemmst. Grjótið kemur að mestu úr vegkantinum, en ekki úr sjónum og því ætti að vera hægt að stemma stigu við vandanum. Hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar fengust þær upplýsingar að til stendur að ræða við Siglingastofnun og finna lausn á vandanum.



# ERTU Á HRAÐFERÐ?

GRÍPTU MEÐ ÞÉR GÓMSÆTAN KJÚKLING Á GÓÐU VERÐI



**Samkaup** **úrval**

Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag





**35%**  
afsláttur

**974** kr/kg  
Verð áður 1.499 kr/kg

Páskalamb af nýslátruðu

# Úrval af páskatilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 29. mars - 8. apríl



**1.109** kr/kg  
Verð áður 1.598 kr/kg

**30%**  
afsláttur

Lambahryggur  
úr kjötboði\*



**1.175** kr/kg  
Verð áður 1.682 kr/kg

**30%**  
afsláttur

Gourmet  
léttreyktar  
hunangs  
grisakótiletur



**389** kr/kg  
Verð áður 655 kr/kg

**40%**  
afsláttur

Ísfugl  
ferskur heill  
kjúklingur



**1.439** kr/kg  
Verð áður 2.063 kr/kg

**30%**  
afsláttur

Þurrkryddaðar  
lærisneiðar



Þú kaupir  
Náttúru  
vöfflu- eða  
pönnukökumix  
og færð jurta-  
rjóma frítt með



**899** kr  
Verð áður 1.299 kr

Góu páskaegg  
nr. 6



Hafðu það gott um páskana  
með Nóa páskaeggjum

Nóa Siríus  
páskaegg



**159** kr  
Verð áður 235 kr

Pringles  
original  
200 gr.



**159** kr  
Verð áður 179 kr  
Appelsín 2 ltr.


**109** kr  
Verð áður 122 kr  
Malt 0,5 dós

**Samkaup** *úrval*



## Lýsir yfir stuðningi við Vestfirðinga

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti síðastliðinn fimmtudag stuðningsyfirlýsingu við Vestfirðinga og landsbyggðina. „Vestmannaeyjabær styður af heilum hug þær áherslur sem sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum setja fram í viðleitni til að snúa við þeirri óheillaþróun í byggða- og atvinnumálum sem átt hefur sér stað í landshlutanum. Veik byggð á Vestfjörðum veikir landsbyggðina alla og um leið landið allt. Vestmannaeyjabær lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í því með öðrum sveitarfélögum að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni“, segir í ályktuninni.



### Ritstjórnargrein

## Hverju getum við á von á?

Höfuðeinkenni íslenskrar veðráttu eru snögg veðrabrigði sem stundum opinberast með svo skömmu millibili að til ólíkinda telst. Reynslan hefur kennt okkur að á veðrið er ekkert að treysta, við verðum bara að taka því eins og það er, þótt það falli sjaldan að væntingum. Því ber þó ekki að neita að stundum kemur hið óvænta sér vel, sem afsökun.

Stjórn málin eru stundum eins og veðrið. Engu að treysta. Fyrir fáeinum dögum samþykkti Alþingi vegaaætlun þar sem ákveðið var að verja átta milljörðum króna til Sundabrautar á árunum 2008 til 2010. Þessi framkvæmd var talinn rúmost innan marka ríkisumsvifa næstu ára, sem þýðir einfaldlega að stjórnvöld töldu þá óráðlegt að fara hraðar í verkið.

Skjótt skipast veður í lofti. Faxaflóahafnir hafa tilkynnt ríkisstjórninni að fyrirtækið sé reiðubúið að annast gerð Sundabrautar. Af yfirlýsingu þess verður ekki verður annað ráðið en að íslensku bankarnir séu reiðubúni að lána þessa tuttugu og fimm milljarða, sem áætlað er að verkið kosti.

Ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan fagnar, segir Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, sem gerir sinnaskipti stjórnvalda að umtalsefni í leiðara sem hann kallar „Stóra bókhaldshjáleiðin“. Eftir að hafa rakið aðdraganda málsins, bent á að bankarnir hafi verið helstu gagnrýnendur á þá fjármálastefnu ríkissjóðs, að færast of mikið í fang miðað við efni, sé þeim það nú keppikefli sem þeir áður töldu vítavert. Og Þorsteinn spyr: „Fékk þjóðarþú haddrættisvinnu? Eða reiknuðu menn vitlaust? Hvorugt. Það eina sem hefur gerst er að séðir menn komu auga á stóru hjáleiðina utan við bókhald ríkissjóðs.“ Og hann heldur áfram: „Að þessari uppgötvun gerðri telur sameinað fjárveitingavaldið, ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan, að það sem í síðustu viku var þensluskapandi ríkisframkvæmd sé það einfaldlega ekki lengur. Bankastjórnunum sem fyrir viku var vandlættingarorða vant vegna þensliverkefna ríkisins sjá nú möguleika á vaxtamunartekjum. Þá hverfur þenslueðli verkefnisins eins og döggi fyrir sólu.“ Og ritstjórinn velkist ekki í vafa um að þrátt fyrir bókhaldsbrellur sé „skattborgurunum ætlað að borga brúsann þegar upp verður staðið.“

Trúlega draga fáir nauðsyn Sundabrautar í efa. En, er okkur virkilega ætlað að trú á því að framkvæmdin hafi engin áhrif á hagkerfið ef peningarnir koma beint frá bönkunum? Að ríkið sé þá stíkkfrí! Hvað með öll álverin, sem beðið er um á sama tíma? Geta Vestfirðingar kannski átt von á því að jarðgöngunum til Bolungarvíkur verði frestað? Af áralangri reynslu af frestun vegafframkvæmda á Vestfjörðum vaknar spurningin um hvort Vestfirðingar verði enn eina ferðina látnir draga þensluvagninn þegar reyna fer á þanþol hagkerfisins vegna Sundabrautarinnar?

– s.h.

### Á þessum degi fyrir 47 árum

## Hagsmunir þjóðanna rekast á

Enda þótt heil vika sé liðin frá byrjun landhelgisráðstefnunnar, þá er enn ekki kominn verulegur skriður á fundahöld. Þótt áætlaðir séu fundartímar bæði árdegis og síðdegis, hafa þeir sem beðið hafa um orðið lokið sér af fyrir hádegi. Er þó sagt, að ekki veiti af tímanum, því að búast megi við feikilegri skriðu eða lotu af ræðum, sem standi jafnvel langt fram á nótt, þegar fer að nalgast lok ráðstefnunnar. Þessi tregða stafar af því, að menn eru enn að kynna sér viðhorfin til að vita hvaða möguleikar eru fyrir hendi áður en þeir sjálfir tala. [...] Að þessu sinni er viðfangsefnið aðeins eitt, þó það skiptist niður í tvo óaðskiljanlega þætti – stærð landhelgi og fisksvæðis fyrir utan landhelgina. Í þessu efni liggur ekkert sérstakt álit fyrir. Á síðustu ráðstefnu voru greidd atkvæði um málið en árangurslaus. Málið er mjög viðkvæmt fyrir fjölda þjóða, en almennt virðist viðurkennt, að það sé mikil alþjóðleg þörf á að leysa það á viðunandi hátt til að koma í framtíðinni í veg fyrir slíkar milli-ríkjadeilur eins og „þorskastríðið“ milli Breta og Íslendinga.



Frá tónleikum kórsins í Flateyrarkirkju. Mynd: Páll Öundurson.

## Kór Menntaskólans við Hamrahlíð hélt ferna tónleika á Vestfjörðum

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð hélt ferna tónleika á norðanverðum Vestfjörðum um helgina. Kórinn kom til Ísafjarðar á föstudag, en þá um kvöldið voru fyrstu tónleikarnir í Bolungarvík. Á laugardeginum voru haldnir

tónleikar í Ísafjarðarkirkju og á sunnudag voru tvennir tónleikar haldnir, þeir fyrri í kirkjunni á Flateyri og þeir seinni í Þingeyrarkirkju. Á mánudag voru síðan haldnir sérstakir skólátónleikar fyrir nemendur Grunnskóla Ísafjarðar og

Menntaskólans á Ísafirði.

Kórinn hefur auk þess sungið á líknanstofnunum og vinnustöðum, s.s. á dvalarheimilinu Hlífa á Ísafirði, Fjörðungssjúkrahúsinu og fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri. Í kór Menntaskólans við Hamrahlíð

eru um 80 ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem nema við skólann. Stjórnandi er Þorgerður Ingólfsdóttir, en hún hefur stjórnað kórnum frá upphafi, eða í um 40 ár. Fararstjóri kórsins í ferðinni er rektor MH, Lárus H. Bjarnason.

## Aldrei færri áhugaleiksýningar en á síðasta leikári

Veturinn 2002/2003 voru þrjú áhugaleikfélög skráð á Vestfjörðum og settu þau upp átta verk þennan vetur. Sýningar voru 47 og heildargestafjöldi 6.810 manns. Síðasta vetur, það er 2005/2006, voru tvö áhugaleikfélög skráð á Vestfjörðum sem settu upp tvö verk, samtals 13 sinnum og fengu 771 gest. Ef litið er til síðustu áratuga, eða frá því veturinn 1980/1981, er veturinn 2002/2003 stærsti veturinn fyrir áhugaleikhúsin og veturinn 2005/2006 sá minn-

sti. Eðlilega eru ekki komnar tölur fyrir það leikár sem rétt er að ljúka. Sýningar voru að vísu fleiri á árabilinu 1995-1997, 55 fyrir veturinn og 65 þann seinni, en gestir voru aldrei nándar nærri eins margir og áður nefndan metvetur. Lætur nærri að gestir hafi verið jafn margir og allir íbúar Vestfjarða. Þá voru 68 sýningar veturinn 1991/1992 á vegum áhugaleikhúsanna.

Tölur frá vetrinum 2002/2003 skýrast líklega að stærstu leyti af geysivinsælli sýningu

Litla leikklúbbsins á söngleiknum Söngvaseið vorið 2003 sem valin var áhugaleiksýning ársins og sýnd í Þjóðleikhúsinu sumarið eftir. Þá ber einnig að geta þess að Litli leikklúbburinn er, að öðrum áhugaleikhúsum ólöstuðum, stærsta áhugamanna-leikfélag Vestfjarða og hefur átt í húsnæðisvanda síðustu ár svo litið hefur orðið úr starfsemi þess. Leysist sá vandi líklega að mestu leyti þegar lokið verður við renóveringur á Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Rétt er þá sömuleiðis að geta þess að um síðustu aldamót eignuðust Vestfirðingar feykioflugt atvinnuleikhús, Kómeðiuleikhúsið, sem hefur einbeitt sér að sýningum nýrra einleikja og uppgangi einleiksformsins á Vestfjörðum og víðar.

Tölurnar um fjölda áhugaleikhúsa, uppfærslur, sýningar og gesti koma frá Hagstofu Íslands sem hefur heimild sína frá Bandalagi íslenskra leikfélaga.

– eirikur@bb.is

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 [eirikur@bb.is](mailto:eirikur@bb.is) – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is) – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, [annska@bb.is](mailto:annska@bb.is) · Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, [tinna@bb.is](mailto:tinna@bb.is) · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is) · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasölverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



20 ÁRA



# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

## EIGNASTÝRING ÍV

### Eignastýring I

Safn þar sem fjárfest er að lágmarki 70% í skuldabréfasjóðum

### Eignastýring II

Safn þar sem fjárfest er að lágmarki 50% í skuldabréfasjóðum

### Eignastýring III

Safn þar sem allt að 70% er fjárfest í hlutabréfum

### KOSTIR EIGNASTÝRINGAR ÍV

- Virk stýring miðað við aðstæður á markaði
- Lægri viðskiptakostnaður
- Beinn aðgangur að sérfræðingum
- Upplýsingar um eignastöðu í gegnum vef ÍV



ÍSLENSK VERÐBRÉF  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!



## Skemmti- og hagyrðingakvöld á Flateyri

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá fæðingu Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds frá Kirkjubóli í Bjarnardal í Öfundarfirði verður efnt til skemmtunar með söngfuglum og hagyrðingum í íþróttahúsinu á Flateyri 1. apríl kl. 20. Þar munu Bjarni Guðmundsson, karlakórinn Ernir og Siggí Björns flytja lög við ljód Guðmundar Inga. Einnig munu þekktir hagyrðingar láta gamminn geisa, en það eru þau: Jón Jens Kristjánsson, Sigurður Sigurðarson, Snorri Sturluson, Helgi Björnsson og Bjargey Arnórsdóttir. Veislustjórn verður í höndum Jóhannesar Kristjánssonar eftirhermu.

## Styrkja Sólstafi um 120 þúsund

Sólstafir Vestfjarða, systursamtök Stígamóta á Vestfjörðum, óskuðu á dögnum eftir styrk að upphæð 500 þúsund frá Ísafjarðarbæ til að koma á fót ráðgjafabjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Bæjarráð fjallaði um erindið í febrúar og vísaði því áfram til félagsmálanefndar sem samþykkti að veita Sólstöfum nokkuð lægri styrk en sótt var um, 120 þúsund krónur, sem nýst gæti til tölvukaupa, að því er fram kemur í fundargerð.

# Leiðin milli Reykjavíkur og Ísafjarðar styttest um 40 km með nýjum vegi

Aðalleiðin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur styttest um fjórtíu kílómetra með nýjum vegi um Tröllatunguheiði, sem lagður verður á næstu tveimur árum. Tilboð í vegagerðina voru opnuð fyrir stuttu og var lægsta boð upp á 660 milljónir króna. Nýi vegurinn liggur milli Reykhólasveitar og Steingrímsfjarðar og er lengd útboðskaflans um 25 kílómetrar. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september

2009. Lægsta boð átti Ingileifur Jónsson, upp á tæpar 662 milljónir króna, sem var 76 prósent af kostnaðaráætlun. Þar á eftir komu Klæðning og KNH verktakar en hæsta boð átti Ístak, sem bauð um 880 milljónir en kostnaðaráætlun var upp á 865 milljónir.

Ljóst er að áhrif þessarar vegagerðar verða víðtækari en margur gæti ætlað við fyrstu sýn. Við opnun vegarins má gera ráð fyrir að sú Vestfjarða-

umferð sem nú fer um Holtavörðuheidi og Strandir muni færast að mestu yfir á nýja veginn, enda er þessi leið um 40 kílómetrum styttri. Hólma- vík yrði eftir sem áður í vegarsambandi við Ísafjarðarumferðina en í stað þess að hún fari um Hrutafjörð mun hún fara um Bröttubrekku, Búðardal og Gilsfjörð. Þannig mun nýi vegurinn ekki aðeins efla samskipti milli Hólma- víkur og Reykhólasveitar heldur

sennilega skapa Dalamönnum fleiri störf við að þjónusta þá auknu bílaumferð, sem fara mun í gegn hjá þeim.

Nýi vegurinn liggur milli Reykhólasveitar og Steingrímsfjarðar og er lengd útboðskaflans um 25 kílómetrar. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2009. Lægsta boð átti Ingileifur Jónsson, upp á tæpar 662 milljónir króna, sem var 76 prósent af kostnaðaráætlun. Þar á eftir

komu Klæðning og KNH verktakar en hæsta boð átti Ístak, sem bauð um 880 milljónir en kostnaðaráætlun var upp á 865 milljónir. Ljóst er að áhrif þessarar vegagerðar verða víðtækari en margur gæti ætlað við fyrstu sýn.

Við opnun vegarins má gera ráð fyrir að sú Vestfjarða- umferð sem nú fer um Holtavörðuheidi og Strandir muni færast að mestu yfir á nýja veginn, enda er þessi leið um

40 kílómetrum styttri. Hólma- vík yrði eftir sem áður í vegarsambandi við Ísafjarðarumferðina en í stað þess að hún fari um Hrutafjörð mun hún fara um Bröttubrekku, Búðardal og Gilsfjörð. Þannig mun nýi vegurinn ekki aðeins efla samskipti milli Hólma- víkur og Reykhólasveitar heldur sennilega skapa Dalamönnum fleiri störf við að þjónusta þá auknu bílaumferð, sem fara mun í gegn hjá þeim.

## Hrörnun Vatnsfjarðarvegjar um Reykjanes

Vatnsfjarðarvegur 633 um Reykjanes hefur löngum þótt landsmönnum til lítillar þróði. Um þennan veg fara þó stærst-

ur hluti þeirra vara sem Vestfirðingar nota. Vörubílar, sem telja tugi tonna hver, mylja undan sér troðna slóða sem

fyllast af holum, en þeir fara fjöldamargir um þessa vegi á degi hverjum, og þó áhrif fólksbílaumferðar sé umtalsvert minni þá hefur hún einnig sitt að segja.

Slóðarnir eru vart nema um 5 metrar á breidd og þó er ætlast til að tveir vörubílar sem eru 2,5 metrar á breidd og með hliðarspegla upp á 30 cm, geti mæst á þessum stígum. Það er kannski kraftaverki líkast að vegurinn um Ísafjarðardjúpi sé ekki einasta eilíf umferðarteppa ofan á allt annað, og líklega má þar þakka vöskum og útsjónarsömum



Eins og sjá má er Vestfjarðavegur 633 um Reykjanes vart neitt nema holurnar. Einbreyddar brýr hafa orðið mörgum góðum drengnum að fjórtjóni í gegnum tíðina.



Eins og sjá má er Vestfjarðavegur 633 um Reykjanes vart neitt nema holurnar. Einbreyddar brýr hafa orðið mörgum góðum drengnum að fjórtjóni í gegnum tíðina.

### STAKKUR SKRIFAR

## Vísindaleg spámennska

Fagna ber almennri og mikilli umræðu varðandi framtíð Vestfjarða og úrræði sem duga ættu til að finna lausnir sem snúa myndu við þeirri stöðugu og þrjúgandi öflugþróun sem lýsir sér í því að íbúum fækkar og atvinna flyst annað. Í síðustu viku var vakin athygli á því í Bæjarins besta að börnum í yngstu aldursflokkum hefur fækkað um þriðjung nýliðinn áratug. Reyndar hefur fækkað umtalsvert í öllum aldursþrepum sem ganga í skóla og taka þátt í atvinnu fjórðungsins. Sú staðreynd kallar á nýja hugsun.

Nú blasa við miklar samgöngubætur, sem jafngilda milljónaframlagi á hvern íbúa sem fyrst og fremst mun njóta jarðganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Þeim ber að fagna. Enn fremur eru í sjónmáli gríðarlega úrbætur í vegakerfi Ísafjarðardjúps með brúun tveggja fjarða. Fyrir áratugum hefði sú lausn þótt óhugsandi, en þá hefði hún nýst íbúum sem bjuggu í Ísafjarðardjúpi, fyrst og fremst í Reykjarfjarðar-, Nauteyrar- og Ögurhreppum, en jafnframt öllum íbúum við Djúpið. Nú verða þeir sem bera hag fólks á Vestfjörðum að leita allra leiða til þess að þessi nýju tækifæri í samgöngum gagnist til víðfemari tilgangs en þess eins að aka milli Ísafjarðarbæjar og nágrennis annars vegar og höfuborgarinnar og nágrennis hins vegar.

Móta þarf nýja framtíðarsýn. Hætta þarf stöðugum upphrópunum um einhvers konar skyndilausnir. Þær eru ekki til. Hugsu þarf til snöggum lengri tíma, ekki eins áratugar heldur að minnsta kosti fimm. Þá kemur að

einföldu spurningunni. Hvert viljum við halda? Hvert liggur leiðin? Svörin við þessari afar beinu spurningu eru ekki alltaf mjög ljós. Enn fremur er einkar brýnt að samræma góðar hugmyndir, en af þeim er mikil gnægt, því sem er gerlegt. Hugdetta hversu góð sem hún sýnist er ekki nóg. Það verður að vera kleift að hrinda henni í framkvæmd til þess að hún sé einhvers virði. Með þessum orðum er ekki verið að segja að menn skuli ekki láta hugarflugid njóta sín. En það er ekki nóg sé ekki hægt að festa á því hendur.

Í fyrsta lagi verðum við að móta með okkur hvað er æskilegt. Í öðru lagi verður að ná samstöðu um það hvað sé gerlegt. Í þriðja lagi er afar áriðandi að samstaða náist um það að hrinda í framkvæmd því sem menn telja framkvæmanlegt.


Í flöknu samfélagi nútímans er að mörgu að hyggja til þess að koma hugmynd í verk. Það er ekki einfalt ferli í þeim skilningi að slíkt gerist í einni hendingu og án átaka. Hyggja þarf að tæknilegum atriðum sem og þeim er snúa að fjármagni og lagalegu umhverfi. En fyrst og fremst þarf að greina tvennt á vísindalegan hátt, þá stöðu sem við erum í núna og hvernig hún nýtist til þess að byggja undir þær lausnir sem við náum saman um. A það minnir okkur sú staðreynd að börnum hefur fækkað, sem mun hafa áhrif á skólalald framtíðarinnar.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



## Flæddi inn í kjallara sjúkráhusins

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar var kallað út um klukkan 21:30 á fimmtudagskvöld í sjöustu viku vegna vatns sem flæddi inn í kjallara Fjórðungssjúkráhusins á Ísafirði. Ástæða flóðsins var stífla í frárennislörri sem olli því að dælubrunnur við Hafnarstræti stíflaðist. Á heimasíðu slökkviliðs kemur fram að í fyrstu hafi gengið vel að halda aftur af vatnsflaumnum en þegar háflóð var í kringum miðnætti, var vatn farið að flæða upp um niðurföll í kjallara sjúkráhusins. Vatnssugum og minni dælum var beitt og tókst að ná gólfi þurru um klukkan 02:00 eftir miðnætti.



Bolungarvík.

## Vilja gefa út myndskreyttar sögur um Þuríði Sundafylli

Menningarráð Bolungarvíkur sótti á dögnum um styrk til Pokasjóðs til þess að gefa út myndskreyttar sögur af landnámskonunni Þuríði Sundafylli. Sótt var um 1,2 milljónir króna, en gert var ráð fyrir 250 þúsund króna mótframlagi frá menningarráði. Þuríður Sundafyllir var landnámsmaður í Bolungarvík og bjó í Vatnsnesi. Um nafngift Þuríðar segir í Landnámsbók: „Hún var því kölluð sundafyllir, að hún seiddi til þess í hallæri á Hálogalandi, að hvert sund var fullt af fisk-

um. Hún setti og Kvíarmið á Ísafjarðardjúpi og tók til á kollótta af hverjum bónda í Ísafirði.“

Þuríður var að auki bæði göldrótt og skyggn, og að því er fram kemur á vefnum bolungarvik.com hafði hún einstaka hæfileika til að eiga samskipti við aðra, bjó yfir mikilli réttlætiskennd en var skaprík og gaf sig ekki þegar hún taldi sig vera órétti beitta.

Á Vestfjarðavefnum er rakin sagan af því þegar hún leyfði bróður sínum, Þjóðólfi, að eiga jafn mikið land af sínu

og hann gæti girt fyrir á einum degi. „Þjóðólfur tók til óspilltra málanna og fyrir sólarlag tókst honum að leggja garð frá Stiga fyrir Hlíðardal og hálfan Tungudal. Af þessu spratt ófriður milli þeirra systkina og deildu þau um eignarhaldið á Tungudal. Að lokum lögðu þau hvort á annað að verða að steindrangi og lét Þuríður fylgja þá ósk að sem allra flestir fuglar myndu skita á Þjóðólfi. Hann hefndi sín með því að leggja á Þuríði að á henni skyldu vindar gnauda mest.

Þuríður sundafyllir varð að bergstandi í norðurhorni Óshlíðar og hrundi að hálfu haustið 1836. Þjóðólfur varð að hins vegar að klettadrangi á skeri sem fjölmargir fuglar sátu jafnan á. Hann hvarf sömu nótt og Þuríður hrundi og töldu menn að þau hafi þá verið leyst úr álögum. Einnig er í frásögur fært að við belti Þuríðar hafi hangið lykjar. Hver sá sem hefði getað klifið dranginn og fundið lykjana, hefði getað opnað kistu með dýrgripum hennar sem er falin í rústum landnámsbæjarins.“

## Fimm mánaða fangelsi fyrir skatta- og hegningarlagaabrot

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann í fimm mánaða fangelsi fyrir skatta- og hegningarlagaabrot, en refsingin var skilorðsbundin til tveggja ára. Þá var mannum gert að sök að hafa brotið lög um virðisaukaskatt annars vegar og um staðgreiðslu op-

inberra gjalda hins vegar, en hann var framkvæmdastjóri einkahlutafélags sem tekið var til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða fyrir þremur árum.

Maðurinn stóð ekki sýslumanninum á Patreksfirði skil á virðisaukaskatti, sem inn-

heimta bar í nafni einkahlutafélagsins á árunum 2001 til 2004, því sem nemur tæpum 50 milljónum króna. Þá stóð hann heldur ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins á árunum 2003 og 2004,

sem nemur rúmum 8 milljónum króna.

Ákærða var gert að greiða 70.000.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tólf mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. – thelma@bb.is



VÁTRYGGINGAFÉLAG  
ÍSLANDS HF

## Gjaldkeri – Þjónustufulltrúi

Laust er til umsóknar starf gjaldkera hjá Vátryggingafélagi Íslands, Ísafirði.

Í starfinu felst meðferð fjármuna, tryggingaráðgjöf, sala vátrygginga og önnur almenn afgreiðsla. Um er að ræða hálf dags starf, eftir hádegi.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur jákvætt viðmót, ríka þjónustulund og reynslu af skrifstofustörfum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað til skrifstofu félagsins að Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Nánari upplýsingar má fá hjá Guðna Guðnasyni í síma 660 5094.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

## Ræsting

Hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ er nú nú laus strax staða starfsmanns í ræstingu. Vinnutími er frá kl. 07:30 - 15:30 virka daga og aðra hvora helgi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnana-samningi HSÍ. Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkráhusins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað er ráðið hefur verið í starfið.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún Kristjánsdóttir, ræstingarstjóri í síma 450 4500.

## Einbýlis- hús til sölu!

Til sölu er húseignin að Seljalandi 21 á Ísafirði. Húsið er 192m<sup>2</sup> með kjallara undir hluta af húsinu.

Sjón er sögu ríkari!

Upplýsingar gefur Halldór Sveinbjörns-son í síma 894 6125.



**Íris:** „Ég fór fyrst að pæla í þessu út frá sjálfri mér og síðan út frá stelpunum mínum. Ekki að ég sé að setja neitt persónulega út á stelpur sem taka þátt í fegurðarsamkeppnum, heldur samfélaginu sem setur staðlana. Manni bara misbýður að horfa upp á börnin sín reyna að fara eftir þessum stöðlum.“

# Óbeisluð fegurð á Ísafirði

Áhugahópur um óbeislaða fegurð heldur fegurðarsamkeppni í félagsheimilinu í Hnifsdal síðasta vetrardag, 18. apríl nk. Keppnin er um margt ólík fyrirrennrum hennar er landsmenn hafa orðið vitni að um árabíl, en keppnisreglur þessarar sem ber yfirskriftina „Óbeisluð fegurð“ eru einfaldar og er hugmyndin að bæði kynin geti tekið þátt. Þátttakendur verða að vera komnir af barnaldri og vera sem upprunalegastir þ.e. hágræðslur, brjóstastækkanir og aðrar lýtaaðgerðir geta útilokað fólk frá keppni. Það telst keppendum til tekna ef lífið sést utan á þeim. Er þá átt við að aldur, aukakíló, hrukkur, slit vegna barnsfæðinga, lafandi brjóst, skalli, loðið bak, appelsínuhúð o.þ.h. teljast til kynþokka. Keppendur munu hvorki þurfa að grenna sig né þyngja til að geta tekið þátt og minna aðstandendur keppninnar á að tíðar ferðir í ljós geta valdið krabbameini. Keppt verður um titilinn óbeisluð fegurð 2007 auk nokkurra titla eins og Michelin 2007, húðslit 2007, Dansukker 2007 svo einhverjir séu nefndir.

Bláðakona Bæjarins besta hitti forsvarskonur keppninnar þær Matthildi Helgadóttur, Írisi Jónsdóttur, Margréti Skúladóttur og Eygló Jónsdóttur eitt hádegið yfir rjúkandi grænmetisúpu á Langa Manga. Guðmundur Hjaltason var upptekinn í hádegisraffíkinni á kaffihúsinu, en var þó ekki langt undan er viðtalið átti sér stað. Konurnar ræddu hugmyndina á bak við keppnina, afbakaða fegurðarstaðla og þá miklu athygli sem keppnin hefur vakið bæði hér á landi sem og utan landssteinanna.

– Hvar byrjaði þetta allt saman?

Matthildur: „Hugmyndin kviknaði í spjalli á Langa Manga.“

Gréta: „Þetta hefur verið eitt af því sem Matta hefur barist fyrir í gegnum tíðina. Matta og Íris ætluðu heldur betur að bjarga heiminum og halda lítið skemmtikvöld á Langa Manga. Síðan var hópurinn búinn að finna titlana sem keppt yrði um áður en búið að finna nafn á keppnina.“

Eygló: „Síðan vaknaði Matta bara með nafnið í kollinum.“

Matthildur: „Ég vaknaði upp um miðja nótt með það í kollinum – óbeisluð fegurð.“

Íris: „Fyrst ætluðum við bara að hafa þetta smátt í sniðum og ef við fengjum engin viðbrögð ætluðum við alla-vega að halda gott party.“

– Það er kannski óhætt að segja að viðbrögðin sem keppnin vakti hafi komið ykkur á óvart?

Matthildur: „Þegar við sendum út tilkynninguna til að byrja með þá var hún auðvitað svolítið grínleg. Þetta var miklið kalt háð. Hefðum við hins vegar ekki fengið þessar góðu undirtektir, þá hefði keppnin sennilega verið gott party á Langa Manga. Við lokuðum þó aldrei á þann möguleika að það yrði keppni. Þó svo að enginn hefði viljað taka þátt og fólk sagt að við værum bara feitar og ljótar og afbrýðissamar, með hár undir höndunum. Þá fannst okkur við samt hafa unnið þar sem þetta fékk umfjöllun.“

– Fréttatilkynningin vakti

strax athygli helstu fjölmiðla landsins.

Matthildur: „Við sendum hana á BB, RÚV og á moggabloggið, en bloggsíðan mín var alveg ný þarna og ekkert farið að lesa hana þannig séð, því þetta var eitt af allra fyrstu bloggnum mínum. Systir mín hringdi svo í mig og sagði frá því að fjallað hafi verið um keppnina í fimmfréttum á RÚV og ég eiginlega trúði henni ekki.“

Íris: „Okkur fannst það alveg stórmerkilegt.“

Matthildur: „Já okkur fannst við alveg ferlega frægar.“

Íris: „Svona miðað við hversu mikið hefur verið fjallað um keppnina núna, þá grunaði okkur það ekki þarna.“

– Þetta var bara upphafið af gífurlegri athygli sem hugmyndin átti svo eftir að vekja?

Matthildur: „Ástæðan fyrir því að okkur tókst á svo undraskömmum tíma að skipuleggja er að allir í hópnum, hafa mikla reynslu af því að skipuleggja hluti. Við til að mynda aðgang að Snerpu sem gerði fyrir okkur heimasíðu strax. Það er eitt af því sem gerði gæfumuninn. Ég held að skýringin sé annars sú að ég til dæmis er búin að tala um svona mál eins lengi og elstu menn muna, þessa fegurðarstaðla og drulla yfir þá.“

Gréta: „Við höfum látið þá pirra okkur allavega.“

Matthildur: „Við höfum verið svona misreiðar yfir þeim. Ég hef kannski verið reiðust.“

## Óheilbrigðir staðlar

Íris: „Ég fór fyrst að pæla í þessu út frá sjálfri mér og síðan út frá stelpunum mínum. Það var gríðarleg vakning fyrir mig að sjá hvað væri á bakvið þetta, hvað þetta er allt óheilbriggt. Þetta eru slæmar fyrirmyndir. Ekki að ég sé að setja neitt persónulega út á stelpur sem taka þátt í fegurðarsamkeppnum, heldur samfélaginu sem setur staðlana. Manni bara misbýður að horfa upp á börnin sín reyna að fara eftir þessum stöðlum.“

Gréta: „Guð minn almáttugur, krakkar í 8 ára bekk eru farnir að hafa áhyggjur af því að þau séu orðin of feit og þau líta út eins og tannstonglar. Við Íris eigum báðar krakka í kringum fermingu og þetta er alveg hryllilegt.“

Íris: „Ég var að lesa viðtal við stelpur sem hafa verið að vinna með átröskunarsjúklimum. Yngsta tilfellið sem þær höfðu fengið inn til sín var 8 ára gömul stelpa. Þetta er náttúrulega bara algjör geðveiki. Hún er auðvitað að horfa á þessar stelpur.“

Matthildur: „Þetta tengist svo auðvitað allt, innbyrðis klámvæðingin og þetta. Hvernig börn eru gerð að kynverum, strax bara pínulítil. Núna má maður reyndar ekki láta út úr sér orðið klámvæðing nema vera álitinn einhver talibani.“

Íris: „Við komum allar að þessu út frá mismunandi sjónarhornum. Við erum sammála í grunnatriðum, en höfum allar mismunandi vinkla. Það er kannski það sem er svo flott við þetta, það er ekki bara ein hugsun.“

Matthildur: „Já einmitt, eins og Gréta sem var bara meikdolla dauðans hérna í gamla daga.“ Mikil hlátrasköll brjóstast út við borðið vegna athugasemdarinnar.

Gréta: „Já já, ég var alltaf í 10 cm hælum og mini-pílsi og ég fór ekki út fyrir hússins dyr ómáluð. Síðan hef ég verið að vinna töluvert í kringum þessar fegurðarsamkeppnir.“

Matthildur: „Ég var kannski bara svo heppin að vera loðin undir höndunum og í kínaskóm.“

Íris: „Ég þekki fituprósentu og þyngdaraukningu alveg vinstri hægri. Við komum allar að þessu einhvers staðar frá. Líka þá hugmynd af ef hlutirnir líti vel út, þá sé ekkert að. Við erum alls ekki að segja að við séum ekki fylgjandi því að fólk eigi að lifa heilbrigðu lífi og líta vel út. Þetta snýst ekki um það, það eru bara þessar óheilbrigðu aðferðir sem við setjum okkur á móti.“

Gréta: „Maður fer inn í verslanir í Reykjavík og það liggur við að afgreiðslufólkið segi bara „nei við eigum bara ekkert sem passar á þig.“ Ekki það að við hér séum með öðruvísi vaxtarlag en 80% kvenna í landinu. Það hefur orðið töluvert vakning í Bretlandi þar sem fólk hefur verið að berjast mikið á móti þessar 0 stærð, þar er ferlið væntanlega bara komið lengra en hér heima.“

## Fegurðarsamkeppnir

Matthildur: „Opinber umræða á Íslandi hefur verið á þeirri línu að það sé ferlega krúttlegt að taka þátt í fegurðarsamkeppnum. Ég meina, common, hvað gerir forsetinn okkar. Mér var allri lokið þegar hann aeddi út á flugvöll að taka á móti konu sem hafði orðið fegurðardrottning. Það gekk fram af mér og þó er ég töluvert líbó yfir því hvernig forsetar haga sér.“

Gréta: „Mér finnst samt fegurðarsamkeppnir eiga rétt á sér. Mér finnst allt í lagi ef stelpur kjósa að taka þátt, að gera það. Mér finnst bara fáránlegt að fullorðið fólk sem skipuleggur þetta geti sagt við stelpur sem eru kannski 55 kíló að þær þurfi að fara niður í 45. Síðan eru blessaðar stúlkurnar étandi hrísgrjón og vatn síðustu vikurnar fyrir keppni, hálf rænulausar af hungri og

telja niður klukkutímana þar til þær geta fengið sér súkkulaðistykki.“

Íris: „Þetta er svo sjúkt. Það er byrjað að smala í þessar keppnir kannski í janúar og fyrir apríl þurfa þær kannski að léttast um 9 kíló.“

Gréta: „Þetta er unnið á svo óheilbrigðan hátt. Ég þekki eina sem tók þátt og var alsæl með það.“

Eygló: „Og síðan þekkir maður líka dæmi um það að stelpur hafi séð virkilega eftir því að hafa verið með.“

Matthildur: „Mér persónulega finnst þessar keppnir ekki eiga neinn rétt á sér. Það er sagtað maður verði frjálslyndari og viðsýnni með árunum, en hvað varðar fegurðarsamkeppnir þá verð ég þröngsýnni og hef minni þolinmæði gagnvart þeim eftir því sem árin líða. Staðreyndin er að einhverjum finnst eftirsóknarvert að spranga hálfber uppi á sviði fyrir framan 300 eða 3000 fullklæddar manneskjur til þess að geta unnið sér inn titilinn Ungfrú sokkabuxur. Hvað fær heilbrigða, skynsama manneskju til að gera þetta án þess að hún sé á einhverju einhverjum lyfjum. Við erum að tala um að fólk er narrað í þetta til að selja vörur undir því yfirsíni að þetta sé gróði fyrir keppendann sem stendur oftast uppi með kostnað, vinnutap eða töf frá námi.“

Íris: „Það er einmitt þetta sem við erum að tala um, að við erum allar með ólíkar hugmyndir um þetta, en við erum allar sammála um að þessar staðlar eru ekki OK.“

Matthildur: „Það eru ekki allir sem ætla að hlekkja sig við anddyrið, það er mesta lagi ein okkar.“ Mikil hlátrasköll brjóstast út og Matthildur bætir við „reyndar myndi ég aldrei gera það. Hitt fellur á eigin bragði. Í mínum huga þá sannar það sem við erum að gera hversu heimskulegt þetta er.“

Gréta: „Eins og við erum búnar að koma inn á þá erum við allt frá því að vera ófgarnar á móti keppninni yfir í mildari afstöðu. Það getur því enginn sagt „oh þessar rauðsokkar sem eru allar á móti fegurðarsamkeppnum.“ Við erum bara venjulegar konur sem höfum áhuga á þessu.“

Matthildur skýtur inn í „og maður, en hann er bara að

elda núna.“ Þar er hún að tala um eiginmann sinn Guðmund Hjaltason sem er hluti af hópnum, en gat ekki verið með í viðtalinu þar sem hann er vert á Langa Manga og viðtalið fór fram á háannatíma í hádeginu.

Íris: „Við erum ekki alltaf sammála, en við erum sammála um þetta.“

Matthildur: „Ég er sú eina sem er yfirlýstur feministi í hópnum.“

Íris: „Ég er að koma svona rólega úr skápnum.“

– Það sem hefur kannski hitt mig er að konur í fegurðarsamkeppnum í dag, fá helst ekki að líta út eins og konur.“

Gréta: Nákvæmlega. Nema í dag þurfa þær að vera með nógu andskoti stór brjóst sem þær þurfa að kaupa dýrum dómi oftar en ekki á visa rúð. Þú átt að vera eins og strákur með fullt af brjóstum.“

Íris: „Mér finnst bara sorglegt að sjá tágrannar stelpur sem eru að taka þátt í fegurðarsamkeppni þína ofan í sig próteinsjeik eftir próteinsjeik til að grenna sig.“

## Vekur eftirtekt

Matthildur: „Mig langar aðeins að bæta við varðandi athyglina sem keppnin hefur verið að fá. Við höldum fyrst að það væri grínbylgjan sem myndi bera okkur, svona eins og gerist oft með sniðuga hluti, þeir fara bara hringinn. En þetta er enn að koma og síðast í morgun fékk ég boð um að koma í viðtal á útvarpsstöð í Edinborg.“

Gréta: „Við erum þegar búnar að fara í viðtöl við fjórar erlendar útvarpsstöðvar.“

Matthildur: „Útvarpsviðtölin eru orðin nokkur og það er breskt fyrirtæki sem vill gera heimildarmynd um keppnina. Þannig að athyglin sem þetta fær er alvöru. Það sem mér þykir mjög vænt um er að allir sem eru búnir að hafa samband hafa séð grínið í þessu en að sama skapi skynja að alvöruna sem er á bak við. Það finnst mér svo frábært, því eins og staðan er núna þá bara stjórnun við ekki umræðunni. Ég sá um daginn að Sun hafði verið að fjalla um keppnina og við getum ekki stjórnað því hvernig umfjöllunin fer fram. Rauði þráðurinn er ósk okkar um að fólk staldri við og hugs. Ég hef fengið



**Matthildur:** „Ég hef fengið athugasemdir eins og „hvernig ætlið þið að skera úr um ef þið eruð með tvo feita hver er fallegrí“ og mitt svar hefur verið „Hvernig er það gert við tvo mjóa?“ Við hljótum að geta fundið álíka heimskulega aðferð.“



**Aðstandendur keppinnar þau Eygló Jónsdóttir, Íris Jónsdóttir, Guðmundur Hjaltason, Margrét Skúladóttir og Matthildur Helgadóttir.**

athugasemdir eins og „hvernig ætlið þið að skera úr um ef þið eruð með tvo feita hver er fallegrí“ og mitt svar hefur verið „Hvernig er það gert við tvo mjóa?“ Við hljótum að geta fundið álíka heimskulega aðferð. Ég kemst að því þegar ég tala við fólk að það eru ótrúlega margir fastir á einhverri hrikalega mjórri braut. Eins og dæmið af Lagerfeld sannar þegar hann rauk bara upp og skellti hurðum af því að H & M stækkaði fötin hans upp í stærðir sem venjulegt fólk getur notað.“

Gréta: „Já með athyglina, þá hefur hún verið að aukast að utan en ekki verið eins mikil hér heima á Íslandi.“

Íris: „Ég vil kannski meina að við höfum ekki haft meira að segja í bili eftir fyrsta hring.“

Gréta: „Hérna heima var þetta bara bóla, en úti vilja þeir eitthvað meira.“

Íris: „Mér finnst bara eðlilegt að þegar það kemur meira frá okkur þá verður fjallað frekar um það.“

Matthildur: „Svona eru bara fjölmiðlar, fólk veigrar sér við að spyrja gagnrýnina spurn-

inga.“

Íris: „Ég held að ein ástæða þess að við höfum fengið svona mikla athygli að utan að fólk er bara orðið misboðið. Það eru allir komnir með nóg af einhverjum BMI staðli og 0 stærðum. Úti er umræðan um þessa hluti bara komin á annað stig en hér heima.“

Matthildur: „Þarna hefur fólk meiri áhyggjur af því að einhver gæti verið í lífshættu út af þessu.“

Gréta: „Það hefur gerst að þegar svona gagnrýnisráddir heyrast að þá er það bara tekið sem væli í „enn einum femínistanum“ og þannig er umræðunni sópað út af borðinu.“

Íris: „Við sjáum reyndar í dag stelpur sem hafa verið að taka þátt í þessu segja „það er fullt athugasemdir við þetta, þetta stúðar meðal annars að átröskun. Þó það séu eflaust þættir sem spila inn í hjá viðkvæmum einstaklingum, en útlitsdýrkun er stór áhættuþáttur.“ Það er gott að vita að það eru fleiri í þessu.“

– Nú hafið þið persónulega fengið mjög góð viðbrögð við þessu framtaki ykkar, hvað

með neikvæð viðbrögð, eitt-hvað orðið varar við slíkt?

Matthildur: „Það hefur ekki verið neitt áberandi. Það hefur ein komið til mín og spurt af hverju við berjumst ekki fyrir einhverju þarfara eins og of fitu og ég hef þurft að eyða einni færslu úr gestabókinni á ensku síðunni, annars er það ekkert. Það getur alveg eins verið af því að fólk hefur ekki áhuga á rökræðum um þetta.“

Íris: „Kannski sér fólk líka að þetta eru ekki persónulegar árásir á neinn, heldur erum við að koma að þessu út frá því að þetta sé samfélagsvandi. Ekki með of miklum látum heldur viljum við hafa gaman af þessu líka.“

Matthildur: „Við erum í raun ekki að segja neitt sem ekki hefur verið sagt áður, þó að keppnin sem slík sé ný hugmynd.“

Gréta: „Ef þú vilt fá fólk til að hlusta á þig, prófa að taka þetta út frá jákvæðninni.“

Matthildur: „Háðið er rosalega sterkt vopn.“

Gréta: „Við tökum smá úr öllu háðinu, gríninu og alvörnunni. Við reynum að hafa allt með.“

Matthildur: „Síðan erum við bara öll í fullri vinnu og höfum hreinlega ekki haft tíma til að elta uppi allt sem sagt er um keppnina. Það getur vel verið að það sé fullt af einhverju skítkasti á hana þarna einhversstaðar úti. Við erum bara ekkert að leita eftir því.“

Eygló: „Og höfum engar áhyggjur af því.“

Gréta: „Það er ekki eins og við viljum ekki heyra neikvæðu raddirnar. Það væri bara gott að geta snúið einhverjum.“

Íris: „Líka ef það gerist þá er bara að hafa ekki of miklar áhyggjur af því.“

Matthildur: „Ég er reyndar svolítið hissa, því ég átti von á meira skítkasti.“

Gréta: „Af því að þetta er viðkvæmt og það eru eflaust margir til í að vera með skoðun á þessu.“

Íris: „Kannski er það bara af því að við erum að gera þetta öðruvísi en áður hefur verið gert. Nálgunin er ný þó við missum ekki alvöruna úr þessu.“

### Styrkja Sólstafi

– Hvernig er með heimildarmyndina?

Matthildur: „Það mál er bara á frumstigi.“

Eygló: „Það var maður sem hafði samband við okkur. Hann hefur gert nokkrar heimildarmyndir áður. Til að mynda eina um konu sem vaknaði úr dái eftir 19 ár.“

Íris: „Ég veit ekki hversu mikið er hægt að segja um þetta í bili, en hann hefur sýnt áhuga og við erum í viðræðum við hann.“

Matthildur: „Þetta er í burðarliðnum og hann er áhugasamur. Hvernig hann setur mál sitt fram bendir til þess að hann vilji fjalla um þetta út frá sama punkti og við.“

Íris: „Hann nær því alveg hvað við erum að fara.“

– Hvernig hefur svo gengið að fá keppendur til að taka þátt?

Matthildur: „Við erum núna að fara að staðfesta keppendur. Það eru 12 sem eru skráðir núna. Þar á meðal eru einhverjir sem skráðu sig í upphafi og héldu að þetta yrði lítið kósýkvöld. Þeir eru svolítið að velta fyrir sér núna hvort þeir eigi að þora, þar

sem umfjöllunin hefur verið miklu meiri en þau þjuggust kannski við. Við munum ekki þjarma að neinum, þetta er allt vinsamlegt og með virðingu gagnvart fólk. Allt grín sem kann að spinnast upp í kringum keppnina verður ekki sett gagnvart keppendum sjálfum. Skemmtiatriðin á kvöldinu verða grínið þegar að þar að kemur.“

– Hvað með framhaldið?

Matthildur: „Það er frekar leiðinlegt til þess að hugsa sérstaklega þegar maður er búinn að vera að berjast í þessu lengi að eftir 18. apríl þá verði þetta bara búíð. Án þess að það sé búíð að ákveða neitt í þeim efnum þá sé ég fyrir mér að þetta verði árviss viðburður. Að kyndilinn verði færður eitthvað áfram eða í kjölfarið á keppninni verði stofnuð samtök sem vinna gegn þessu á faglegum nótum.“

– Hvað með styrktaraðila?

Íris: „Við viljum nú endilega skora á fyrirtæki og einstaklinga að leggja málefnið lið.“ Fyrir þá sem vilja fylgjast með gangi mála í Óbeislaðri fegurð, þá er hægt að fylgjast með á [www.obeislad.it.is](http://www.obeislad.it.is).



## Arna Sigríður fær greiddar bætur

Arna Sigríður Albertsdóttir hefur fengið bætur frá tryggingafélaginu Vörðum Íslandstryggingum en Arna slasaðist alvarlega á skíðum í Noregi fyrir síðustu áramót. Bæturnar fær hún því 10 vikum eftir slysið. Skíðafélag Ísafjarðar, íþróttafélag Örnú Sigríðar, tilheyrir Héraðs-sambandi Vestfirðinga, en það er eitt fárra héraðssambanda eða Íþróttabandalaga hér á landi, sem tryggir alla skráða félagsmenn sína. Að sögn Inga Þórs Ágústssonar, formanns Héraðs-sambands Vestfirðinga var ákveðið að tryggja alla félagsmenn HSV árið 2004, en það var mikið til fyrir tilstilli Kristinn Jóns Jónssonar heitins, sem var ötull talsmaður þessa.



# Netheimar opna á nýjum stað

Tölvufyrirtækið Netheimar á Ísafirði flutti inn í nýtt húsnæði á föstudag, úr Aðalstræti 27 yfir í Aðalstræti 20, þar sem útibú Sparisjóðs Vestfirðinga var áður til húsa. Um töluverða stækkun er að ræða fyrir Netheima, sem höfðu fyrir nokkru sprengt utan af sér gamla húsnæðið. Er nýja húsnæðið um fimm sinnum stærra en það gamla. Standa vonir til þess að hægt verði að vikka út starfsemi fyrirtækisins með þessu, en m.a. verður rekin stærri verslun í nýja húsnæðinu með tölvubúnað, raftæki, skrifstofuvörur o.s.frv.

Þá hafa bolvíska fyrirtækin Særaf og Roland ehf. verið sameinuð Netheimum ehf. í þeim tilgangi að búa til stærri og öflugari rekstrareiningu sem er betur í stakk búin til að takast á við fleiri og fjölbreyttari verkefni. Særaf var í eigu Guðbergs Arnarssonar, raf-eindavirkja, og Roland var í eigu Rolands Smelt, tölvunarfræðings, og verða þeir nú



Haldið var upp á opnun nýja húsnæðisins á föstudag.

báðir starfsmenn og hluthafar í Netheimum. 6 manns starfa hjá Netheimum eftir samein-

ingu fyrirtækjanna þriggja. Opnun nýja húsnæðisins var fagnað á föstudag með

móttöku. Boðið var upp á veitingar og þau Hrólfr Vagnsson og Iris Kramer léku músík

fyrir gesti, Hrólfr á harmóníku en Iris á trompet og cajón. Þá söng Iris eitt lag, auk þess sem stjórnarformaður Aldrei fór ég suður, Guðmundur M. Kristjánsson, steig á senuna til að þakka Netheimum fyrir veittan stuðning, en fyrirtækið sá um hönnun og hýsingu á heimasíðu hátíðarinnar, og söng við það tækifæri eitt lag við undirleik Irisar og Hrólfs.

Netheimar ehf. var stofnað árið 2002 og hefur rekið tölvuþjónustu og verslun á Ísafirði ásamt annarri tengdri starfsemi. Fyrirtækið hefur á annað ár starfað sem verktaki á þjónustusviði fyrir Símann og á samstarf við öflugustu fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatekni, Opin kerfi, EJS og Nýherja. Stofnendur fyrirtækisins Lárus G. Valdimarsson eðlisfræðingur og Magnús Hávarðarson tölvu- og kerfisfræðingur munu starfa áfram hjá fyrirtækinu.

– eirikur@bb.is



Lárus G. Valdimarsson, annar stofnendur fyrirtækisins flutti ávarp.

# Menningarráð Vestfjarða vill fara að fordæmi menningarráðs Vesturlands

Menningarráð Vestfjarða telur mikilvægt að farið verði eftir fordæmi menningarráðs Vesturlands við túlkun menningarsamnings við menntamála- og samgönguráðuneyti.

Upplýsinga var leitað hjá menningarráði Vesturlands um það hver fjárhagsleg aðkoma sveitarfélaganna væri að menningarsamningum við ríkið. Í svari formanns men-

ningarráðs Vesturlands kemur fram að það fjármagn sem komi frá ríkinu fari að hluta í að greiða kostnað við starfsemi ráðsins, m.a. vegna aðstöðu og starfsmanns, en stær-

sti hlutinn fari í verkefnastyrki sem menningarráðið úthlutar samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðið setur sér og endurskoðar árlega. Hversu hátt framlag ráðuneytanna verður til menningarsamnings við sveitarfélög á Vestfjörðum kemur ekki í jós fyrr en samningaviðræður við ríkið hefjast.

Á móti skuldbinda sveitar-

félögin sig til þess að lækka ekki framlög sín og styrki til menningarmála í sínum sveitarfélögum á tímabilinu. Einnig greiða þau, líkt og fram kemur í drögum að samstarfsamningi, hluta af kostnaði við starfsemi ráðsins, m.a. vegna aðstöðu og starfsmanns. Sveitarfélögin greiða ekkert vegna þess kostnaðar

fyrsta árið, þriðjungur kostnaðar annað árið og helmingur kostnaðar þriðja árið.

Kostnaðinum er deilt niður á sveitarfélögin í landinu í samræmi við íbúafjölda hvers og eins sveitarfélags. Sveitarfélögin greiða hins vegar ekkert beint í sjóð Menningarráðs sem slíks.

– tinna@bb.is

## Þegar „stórt“ er spurt, þá er fátt um svör

- Hvað með samgöngubætur á Vestfjörðum?
- Hvað með þjónustu Símans á Vestfjörðum?
- Hvað með opinber störf á landsbyggðinni?
- Hvað með jarðgöng til Bolungarvíkur?
- Hvað með jarðgöng í Dýrafirði?
- Hvað með umbætur Ísafjarðarflugvallar?
- Hvað með opinber verkefni og þjónustu á landsbyggðinni?



Þessara spurninga og fjölmargra annarra hefur Anna Kristín Gunnarsdóttir spurt ráðherra ríkisstjórnarinnar, því hún lætur sig málefni Vestfjarða varða.

**Samfylkingin**

– Við látum okkur Vestfirði varða!

## Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fá nýjan bát

Nýr bátur bætist í flota Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar um mánaðamótin apríl-maí, en verið er að byggja hann í bátasmiðjunni Trefjar í Hafnarfirði. Báturinn er 20 tonna plastbátur sem rúmar 29 farþega, af því eru 26 sæti í sal. Hann er sérstakur fyrir þær sakir að í honum er nýr skrifubúnaður frá Volvo af gerðinni IPS-500 sem ekki hefur verið settur í bát á Íslandi áður. Báturinn er tveggja véla og með fjórar skrúfur, sem

toga hann áfram, einnig er hægt að stýra bátinum út á hlið. Þetta gerir það einnig að verum að báturinn eyðir 30% minni olíu og er mjög gangmikill, eða 37-40 mílur. Báturinn er útbúinn með 2ja tonna krana sem auðveldar alla vöruflytninga.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar hafa um árabíl sinnt leigu- og áætlunarsiglingum yfir á Hornstrandir, í Jökulfirði og Ísafjarðardjúpi yfir sumartímann. Einnig hafa þau siglt með

gesti daglega í Vigur frá júní fram í ágúst við góðar undirtektir, en vinsældir þeirra ferða aukast frá ári til árs. Fyrirtækið var formlega stofnað árið 1998 en sögu þess má rekja aftur til ársins 1982. Sjóferðir eru í eigu Hafsteins Ingólfssonar og Guðrúnar Kristjánsdóttur á Ísafirði. Fyrir eiga þau bátana Guðrúnu Kristjáns, Blika og Blika IV. Sá síðastnefndi, sem er minnsti bátur flotans verður seldur.

– annska@bb.is





Liðin sem tóku þátt í Skólahreysti á Ísafirði.

# Húsfyllir og mikil stemmning á Skólahreysti

Keppt var í Skólahreysti í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudag. Þar öttu kappi í hreystikeppni nemendur níundu og tíundu bekkja grunnskólanna í Bolungarvík, á Ísafirði, Þingeyri og Súðavíkurskóli. Mikil og góð stemmning ríkti í íþróttahúsinu að sögn Guðnýjar Stefáníu Stefánsdóttur, íþróttakennara á Ísafirði, og var mæting mjög góð, en stuðningsfólk liðanna fyllti bekkina á Torfnesi. Keppni var afar jöfn en Grunnskóli Bolungarvíkur bar sigur úr býtum og fer keppni lið hans til þátttöku í úrslitakeppniinni í Laugardalshöll þann 26. apríl. Lið G.B. skipuðu þau Berglind Halla Elíasdóttir, Daniel Snær Bergsson, Elías Jónsson og Sirirat Siangma, en fjórir voru í hverju liði sem kepptu í upphífingum, arm-beygjum, dýfum, hreystigreip og hraðþraut.

Skólahreysti hefur verið á dagskrá Skjás eins í vetur og verður þátturinn sem tekinn var upp á Ísafirði sýndur þriðjudaginn 27.mars. Kynnir var Gulli Helga og tók hann jafnframt viðtöl við keppendur. Dómarar voru kraftabráðurnir Andrés og Pétur Guðmundssynir.


Hugmyndin á bak við Skóla-



Stúlkurnar tóku á því í hreystigreip....

hreysti er byggð á þeirri miklu umræðu sem skapast hefur á undanförunum árum í þjóðfélaginu varðandi hreyfingarskipti og holdafar barna og unglunga, á sama tíma og aukid framboð hefur verið á afþreyingu sem felur í sér kyrrsetu. Fannst forsvarfólkinu mikilvægt að sporna við

þessari þróun og vildu þróa aðferðir til að gera hreyfingu að eftirsóknarverðum og skemmtilegum valkosti fyrir börn og unglunga. Guðný Stefánía segir Skólahreystina mjög góða þar sem hún gefur minni skólum tækifæri á að taka þátt þar sem einungis fjórir eru í hverju liði. — annska@bb.is



... og drengirnir í dýfum.



Mikil stemmning ríkti á Torfnesi.

## Málmiðnaðarmenn Rafiðnaðarmenn

Launafl ehf., óskar eftir að ráða raf- og málmiðnaðarmenn til framtíðarstarfa á Reyðarfirði.

### Öryggis- og gæðamál

Mikil áhersla er lögð á öryggis- og gæðamál og munu nýir starfsmenn fá sérstaka fræðslu áður en þeir hefja störf.

Upplýsingar um störfin gefur Eyjólfur í síma 477 1797 og 892 1573.

### Umsóknir

Umsóknum skal skila til Launafls fyrir 6. apríl 2007. Umsóknir má senda á netfangið eyjolfur@launafl.is eða í pósti merkt Launafl ehf., Lyngási 12, 700 Egilsstaðir.



Launafl ehf. er nýtt alhliða verktaka-fyrirtæki og bak við það standa nokkur öflugustu rafmagns- og málmiðnaðar-fyrirtæki á Austurlandi





Hópur nemenda við Menntaskólann á Ísafirði hélt í síðustu viku til Frakklands, en tilgangur ferðarinnar er að heimsækja menntaskóla í bænum Les Sables d'Olonne. Einnig verður nokkrum dögum eytt í París. Þetta er í annað sinn sem nemendur menntaskólans halda í slíka reisu, en svipuð ferð var farin árið 2005. Þá hafa nemendur frá samstarfsskóla MÍ í Les Sables d'Olonne heimsótt Ísafjörð tvisvar. Ísfirsku nemendurnir eru allir frönskunemar við menntaskólann en þeir fara út í fylgd tveggja kennara við Menntaskólann, þeirra Helgu Guðmundsdóttur og Hrafnhildar Hafberg. Les Sables-d'Olonne er sjávarbær sem liggur við Biscaya flóa í vesturhluta Frakklands, íbúar eru um sextán þúsund talsins.

## Menntskælingar til Frakklands

# Skrifað undir samstarfssamning vegna Aldrei fór ég suður

Um miðja síðustu viku var skrifað undir viljayfirlýsingu um samvinnu nokkurra fyrirtækja vegna Aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar sem haldin verður á Ísafirði um páskana. Í tilkynningu kemur fram að samstarf síðustu ára hafi gengið einstaklega vel og það sé von og trú allra aðila að svo verði áfram. Aðilar að samningnum eru auk aðstandenda Aldrei fór ég suður, Síminn, Glitnir og Flugfélag Íslands. Undirskriftin fór fram í húsnæði Símans á Ísafirði, við hlið Glitnis í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Hálfán Bjarki Hálfánsson, rokkstjóri hátíðar-

innar, flutti ávarp áður en skrifað var undir þar sem hann sagði hátíðina um margt frábrugðna flestum öðrum tónlistarhátíðum sem haldnar eru á Íslandi.

„Fyrir það fyrsta er hún haldin á Ísafirði“, sagði Hálfán. „Sem þýðir að útvega þarf flutning og gistingu fyrir hátt í hundrad tónlistarmenn. Í annan stað hafa allir þessir tónlistarmenn gefið vinnu sína og aðgangur á hátíðina hefur alla tíð verið ókeypis. Til að þetta sé hægt þarf mikinn velvilja bakhjarla; Glitnir, Flugfélag Íslands og Símans, auk skilnings og reiðasemi yfirvalda, stofnana, einstaklinga

og fyrirtækja á svæðinu. Þá veitti styrktarsjóður Baugs Group myndarlegan styrk til hátíðarhaldanna.“

Nefndi Hálfán Bjarki sérstaklega að hann vildi beina þökkum til Aðalsteins Ómars Ásgeirssonar, sem hefur lánað skemmu sína á Ásgeirsbakka undir hátíðarhöldin, sem og Netheima, sem gáfu hönnun og hýsingu á vefnum aldrei.is, og stjórnenda MÍ sem hafa veitt vilyrði fyrir gistingu á heimavist. Sagði Hálfán að svona mætti lengi telja og að þeir aðilar sem kæmu að hátíðinni væru ótal margir.

Að lokinni undirskrift var farið í stutta siglingu um höfn-



**Skrifað undir viljayfirlýsingu vegna rokkhátíðarinnar. F.v. Gumundur M. Kristjánsson, Arnór Jónatansson frá Flugfélagi Íslands, Hallgrímur Magnús Sigurjónsson frá Glitni, Steingrímur Rúnar Guðmundsson frá Símanum og Hálfán Bjarki Hálfánsson, rokkstjóri hátíðarinnar.**

ina á lóðsbátum Sturla Halldórssyni þar sem tónlistarmaðurinn Mugison lék fyrir bátsgesti lag af plötu sem hann vinnur að þessa dagana, en lagið nefnist „Jesus is a good name to moan“ og fór vel í áhlýðendur. Að lokinni siglingu brugðu menn sér þá í skemmuna þar sem hátíðin verður haldin og skoðuðu aðstæður. Loks var haldið í Tjörhúsið í Neðstakaupstað þar sem Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir, Maggi Hauks og Ranka, buðu mönnum upp á dýrindis plockfisk og þrumara, og kaffi í eftirétt.

Hátíðin verður haldin í fjórða sinn á næstu páskum

er og helstu breytingar á milli ára þær að atriðum hefur fjölgað um nær helming, verða tæplega 40 í ár, og að hún fer fram á tveimur dögum. Hefst hátíðin að kvöldi föstudagsins langa kl. 19 og stendur þar til um eða eftir miðnætti. Þá verður henni fram haldið um kaffileytið daginn eftir og verður músík fram á aðfararnótt páskadags.

Eins og áður segir verður hátíðin haldin í skemmu á Ásgeirsbakka, gömlu Eimskipa- og Ríkisskipaskemmuni, en í síðustu tvö skipti hefur hún farið fram í Edinborgarhúsinu og þar á undan í aðstöðu sushi-verksmiðjunnar Sindraberg.

– eirikur@bb.is



**Mugison flutti lag af næstu plötu sinni um borð í Sturla Halldórssyni.**

## Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Arni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja föstudaginn 13. apríl.



Í boði eru margar gerðir og verðflokkar af hágæða heyrnartækjum.



Heyrnartækni

Tíma-  
pantanir  
í síma  
568 6880

Glæsibæ | Álheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is



## Helgi Björns á Hótel Ísafirði

Hinn ástsæli ísfrski söngvari, Helgi Björnsson, heldur tvenna tónleika á Hótel Ísafirði á Skíðavíkunni. Tónleikarnir verða að loknu borðhaldi að kvöldi skírdags og föstudagsins langa. Í boði fyrir tónleikagesti er annars vegar 3ja rétta matseðill auk tónleika á kr. 5000,- og hins vegar glæsilegt ostahlaðborð og tónleikar á kr. 3.000,-. Byrjað er að taka niður borðapantanir í síma 456 3360.



## Djúpvegur endurbyggður að hluta

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að endurbyggja 10,08 km kaffa Djúpvogar í vestanverðum Ísafirði í Ísafjarðarsýslu. Verkið nær frá slitlagsenda á Eyrahlíð að slitlagsenda við Svörtukletta út undir Svansvík í Súðavíkurhreppi. Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008. Skila skal tilboðum til Vegagerðarinnar Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík, fyrir kl. 14 þriðjudaginn 3. apríl 2007. Tilboðin verða opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

# Fimm mánaða fangelsi fyrir skatta- og hegningarlagabrot

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann í fimm mánaða fangelsi fyrir skatta- og hegningarlagabrot, en refsingin var skilorðsbundin til tveggja ára. Þá var manningum gert að sök að hafa brotið lög um virðisaukaskatt annars vegar og um staðgreiðslu opinberra gjalda hins vegar,

en hann var framkvæmdastjóri einkahlutafélags sem tekið var til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða fyrir þremur árum. Maðurinn stóð ekki sýslumanninum á Patreksfirði skil á virðisaukaskatti, sem innheimta bar í nafni einkahlutafélagsins á árunum 2001 til

2004, því sem nemur tæpum 50 milljónum króna. Þá stóð hann heldur ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins á árunum 2003 og 2004, sem nemur rúmum 8 milljónum króna. Ákærða var gert að greiða

70.000.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tólf mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Að auki þarf hann að greiða þóknun verjanda síns, sem hljóðar upp á krónur 311.250.

– thelma@bb.is



Fjórir efstu frambjóðendurnir á lista Frjálslynda flokksins í NV-kjördæmi.

# Framboðslisti Frjálslynda flokksins í NV-kjördæmi

Frjálslyndi flokkurinn hefur ákveðið skipan framboðslista síns í alþingiskosningunum 12. maí næstkomandi. Fyrir listanum fer Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður og formaður flokksins, en annað sætið vermir Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, sem gekk nýlega til liðs við Frjálslynda flokkinn eftir að hann yfirgaf Framsóknarflokkinn. Í síðustu alþingiskosningum fékk flokkurinn tvo menn inn, þá Guðjón Arnar og Sigurjón Þórðarson. Sigurjón býður sig nú fram í Norðausturkjördæmi. Þá ber að geta þess að Kristinn bauð sig einnig fram í Norðvesturkjördæmi síðast, en fór þá inn sem annar maður Framsóknarflokks, á eftir Magnúsi Stefánssyni, félagsmálaráðherra. Listi Frjálslynda flokksins fyrir Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningum er sem hér

- segir:
1. Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður, Ísafirði.
  2. Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, Bolungarvík.
  3. Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, menntunarfræðingur og ráðgjafi Akranesi.
  4. Ragnheiður Ólafsdóttir, öryrki og listamaður Akranesi.
  5. Anna Margrét Guðbrandsdóttir, heilbrigðis- og aðhlyningarstarfsmaður við Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.
  6. Guðmundur Björn Hagalínsson, bóndi og formaður eldri borgara í Önundarfirði, Flateyri.
  7. Brynja Úlfarsdóttir, stuðningsfulltrúi, Ólafsvík.
  8. Helgi Helgason, bóndi, Borgarfirði.
  9. Gunnlaugur Guðmundsson, bóndi, Söndum Miðfirði Húnaþingi Vestra.

10. Lýður Árnason, heilbrigðisstarfsmaður, Bolungarvík.
11. Hanna Þrúður Þórðardóttir, heimavinnandi húsmóðir, Sauðárkróki.
12. Páll Jens Reynisson, véla- og iðnaðarverkfræðinemi við HÍ, Hólmavík.
13. Sæmundur T. Halldórson, verkamaður, Akranesi.
14. Dórothea Guðrún Sig-

15. Þorsteinn Árnason, vélverkfræðingur, Andakilsár-virkjun, Borgarfirði.
16. Þorsteinn Sigurjónsson, bóndi, Reykjum Hrutafirði.
17. Rannveig Bjarnadóttir, stuðningsfulltrúi, Akranesi.
18. Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri og varaþingmaður. – eirikur@bb.is

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
**lögiltur fasteignasali**  
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

**Guðmundur Óli Tryggvason**  
**lögiltur fasteignasali**  
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is  
 Heimasíða: www.fsv.is

<p>Sölgata 8, Ísafirði</p> <p>3-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þrjúþingahúsi ásamt helmingi kjallara, sér herbergi og geymsla í kjallara, samtals 138 m<sup>2</sup>.</p> <p><b>10.300.000,-</b></p>	<p>Ólafstún 4, Flateyri</p> <p>140 m<sup>2</sup> einbýlishús úr forsteyptum einingum ásamt bílskúr, byggt árið 1977. Bílskúr er 49,6 m<sup>2</sup> að stærð. Fjögur svefnherbergi.</p> <p><b>13.000.000,-</b></p>
<p>Stórholt 9, Ísafirði</p> <p>164 m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölþýlishúss. Baðherbergi endurnýjað.</p> <p><b>16.200.000,-</b></p>	<p>Miðtún 37, Ísafirði</p> <p>189 m<sup>2</sup> steinsteypt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús.</p> <p><b>21.300.000,-</b></p>
<p>Mjallargata 1, Ísafirði</p> <p>75,6 m<sup>2</sup> Þriggja herbergja íbúð í fjölþýli, sérinnangangur, geymsla í íbúð.</p> <p><b>9.500.000,-</b></p>	<p>Skólastígur 24, Bolungarvík</p> <p>140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi.</p> <p><b>7.200.000,-</b></p>
<p>Silfurgata 11, Ísafirði</p> <p>125 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í upperðu fjölþýlishúsi.</p> <p><b>10.000.000,-</b></p>	<p>Heiðarbraut 12 - Holt, Hnífsdal</p> <p>220 m<sup>2</sup> Einbýlishús á tveimur hæðum. Neðri hæð er steyp en efri hæð er byggð úr timbri, bílskúr er ca 21 m<sup>2</sup>.</p> <p><b>18.000.000,-</b></p>
<p>Aðalstræti 22b, Ísafirði</p> <p>Samtals 355 m<sup>2</sup> timburhús á besta stað í bænum. Hægt er að kaupa hverja hæð fyrir sig eða allt húsið.</p> <p><b>Tilboð óskast</b></p>	<p>Engjavegur 9, Ísafirði</p> <p>220 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr, lítill séríbúð undir bílskúr sem hægt er að leigja út.</p> <p><b>24.000.000,-</b></p>

## Ný sjúkrabifreið

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar hefur fengið nýja sjúkrabifreið til afnota. Bifreiðin er af gerðinni Bens Sprinter, árgærd 2007 og flutt inn af bílaumboðinu Öskju. Breytingar á bílnum voru gerðar af Sigurjóni Magnússyni á Ólafsvirði, en fyrirtæki hans sérhæfir sig í breytingum á sjúkra- og slökkvibílum. Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri, sótti bifreiðina í síðustu viku og var lokið við að gera bíllinn útkallshæfan fyrir helgina. Á heimasíðu slökkviliðsins segir að við fyrstu sýn virðist bíllinn vel heppnaður og von slökkviliðsmanna er sú að hann eigi eftir að reynast vel. – tinna@bb.is



Nýr sjúkrabíll Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Mynd: slökkvilið.isafjordur.is.



## Ný endurskoðunarstofa á Ísafirði

Bjarki Bjarnason, viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi, hefur opnað bókhalds- og endurskoðunarstofu á Ísafirði undir nafninu BB Endurskoðun ehf. Fyrirtækið verður fyrst um sinn með aðsetur að Fjarðarstræti 15, þar sem Fylkir – Bókhald ehf er einnig staðsett. Auk alhliða þjónustu á sviði endurskoðunar verður m.a. í boði gerð ársreikninga, árslutareikninga og skattskila fyrir félög og einstaklinga, bókhaldsvinnslu, virðisaukaskattsuppgjör, launavinnslu, gerð sölureikninga og vinnslu innheimtukrafna í gegnum innheimtukerfi banka og sparisjóða.

Eins og öllum ætti að vera orðið fullljóst verður gengið til alþingiskosninga þann 12. maí næstkomandi. Að minnsta kosti fimm flokkar verða í framboði í Norðvesturkjördæmi og er útlit fyrir að sá sjötti, Íslandshreyfingin – lifandi land, bætist í hópinn á næstu vikum. Bæjarins besta telur mikilvægt að hnykk sé á helstu málefnum þjóðarinnar, og þá ekki síst Vestfirðinga, við frambjóðendurnar og þeir spurðir álits á því sem er í deiglu. Á næstu vikum munu oddvitar þeirra stjórnvaldaflokka sem bjóða fram í Norðvesturkjördæmi fengnir til að sitja fyrir svörum í blaðinu, en fyrstur í röðinni er Sturla Böðvarsson, oddviti sjálfstæðismanna og samgönguráðherra.

### „Skipulegur flutningur opinberra starfa til Vestfjarða“

– Hvernig telur þú að ríkisvaldið geti komið að því að efla atvinnulíf á Vestfjörðum? „Mikilvægast fyrir atvinnu-

lífið á Vestfjörðum, sem og annars staðar, er að tryggja lága verðbólgu og stöðugt gengi krónunnar. Við þær aðstæður hagnast atvinnufyrirtækin og fleiri atvinnutækifæri verða til í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og öðrum greinum. Atvinnulífið á allt undir

því að starfsskilyrði þess verði tryggð. Sérstakar aðgerðir sem ríkisvaldið getur hins vegar beitt sér fyrir í þágu Vestfjarða eru svo sem hér segir:

1) Hröð uppbygging samgöngumannvirkja í þeim tilgangi að lækka flutnings- og ferðakostnað og bæta aðgengi að fjórðungnum bæði úr suðri og norðri, ekki síst í þágu ferðaþjónustu. Vestfirðir eiga mikla möguleika í framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustu. 2) Efling ferðaþjónustu með landkynningu og sérstakri markaðssetningu Vestfjarða. Forsendan er bætt vegakerfi, vel búnir flugvellir og öflugar menningarstarstofnanir er kynni sögu og sérstöðu Vestfjarða. 3) Efling menntastofnana, svo sem framhaldsskóla

á Ísafirði, Vesturbyggð og Tálknafirði svo og uppbygging háskólastarfsemi á svæðinu. 4) Efling rannsóknarstofnana atvinnuveganna og grundvallarannsóknna í náttúruvísindum svo sem á vettvangi háskólastofnana og við Náttúrustofu Vestfjarða. 5) Skipulegur flutningur opinberra starfa til Vestfjarða og starfsgrundvöllur stofnana ríkisins á Vestfjörðum tryggður. 6) Orkukostnaður verði lækkaður. 7) Þorskelldi eftt sem vaxandi hluti sjávarútvegsstarfsemi. 8) Hvers konar þróunarstarf atvinnuveganna eftt í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Slikt starf leiddi til stofnunar Kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal. 9) Starfsemi heilbrigðisstofnana efla og fjárhagsstaða þeirra treyst. 10) Aukinn fjárhagslegur styrkur sveitarfélaga með auknum tekjustofnum og jöfnunaraðgerðum með framlögum úr jöfnunarsjóði sveitafélaga.

Að öðru leyti vísa ég til helstu stefnumála á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, [www.norðvesturland.is](http://www.norðvesturland.is).

### Engar grundvallar-breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu

– Sérðu fyrir þér breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á næstu árum, og hverjar þá?

„Nei, ég sé ekki fyrir mér grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þær breytingar sem nauðsynlegar eru lúta að því að auka hagkvæmni og tryggja að sjávarútvegurinn verði áfram burðarstoð í byggðunum. Fiskvinnsla og útgerð leið fyrir það árum saman að stöðugar deilur stóðu um fiskveiðistjórnunina. Það mikilvægasta fyrir Vestfirði er að hafrannsóknir og veiðafærarannsóknir verði auknar og eflar svo ákvörðun um sóknarpunga í einstaka fiskistofna megi taka á grundvelli haldgóðra rannsókna og öflug samráðs við sjómenn og útvegsmenn. Að þessu er unnið á vettvangi sjávarútvegsráðuneytisins. Við eigum að beina sjónum okkar að því að auka hagkvæmni og góðan afkastur í sjávarútvegi og treysta á þann veg hagsmuni sjávarbyggðanna.“

## Ásel með nýja kantsteina til sölu

Verktakafyrirtækið Ásel ehf. á Ísafirði stefnir að því að hefja sölu á nýrri tegund kantsteina um allt land með vorinu. Þessi nýja gerð er mun ódýrari en þær sem hafa verið á markaðnum hingað til, en hún er negld ofan á malbikið. Þá er hægt að skipta út gömlum og ónýtum hlutum af kantsteini án þess að til mikilla aðgerða komi. Nýju kantsteinarnir hafa verið notaðir með góðum árangri í Ísafjarðarbæ en þeir hafa verið í þróun hjá Áseli síðustu tvö sumur. Við þróunina naut Ásel aðstoðar frá tæknideild Ísafjarðarbæjar.

# Sturla Böðvarsson,

## oddviti Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi

### „Afstaða mín til harðstjóra og hryðjuverkamanna hefur ekki breyst“

–Taldirðu rétt á sínum tíma að Ísland færi á lista hinna staðföstu í Washington, og tæki þátt í Íraksstríðinu – og hefur afstaða þín til stríðsins, og þátttöku Íslands í því, breyst á síðustu misserum?

„Þessi spurning er byggð á misskilningi. Íslensk stjórnvöld tóku ekki ákvörðun um innrásina í Írak á sínum tíma og eru ekki þátttakendur í stríði. Afstaða okkar til innrásarinnar hefur engu breytt.“

Allt frá stofnun lýðveldisins höfum við átt gott samstarf við Bandaríkjamenn. Samstarfið innan Atlandshafsbandalagsins hefur jafnframt verið kjölfesta vestræna ríkja sem völdu það samstarf þegar kaldastríðið geislaði og Sovétríkin ógnuðu heimsfriðnum. Þannig höfum við treyst á samstarf innan NATO einkum við Bandaríkjamenn, Breti og Dani og aðrar nágranna- og vinabjóðir innan NATO sem við höfum átt mest samstarf við.

Þegar Bandaríkjamenn leiddu þá ákvörðun að ráðast gegn ógnarstjórn Saddam Hussein í Írak var því haldið fram að hann réði yfir gjöreyðingarvopnum. Síðan kom í ljós að svo virðist ekki hafa verið. Stuðningur íslenskra stjórnvalda fólst í því að opna lofthelgi landsins og taka síðan þátt í uppbyggingarstarfi í Írak og leitast við að koma því til leiðar að þjóðin fengi notið lýðræðis og frelsis. Ég tel og taldi þá ákvörðun rétta að aðstoða þessa stríðshrjáðu þjóð.

Afstaða mín til þessara ákvarðana hefur ekkert breyst. Með sama hætti hefur afstaða mín til harðstjóra og hryðjuverkamanna á borð við Saddam Hussein ekkert breyst. Vestæn ríki eiga mikið undir því að sátt ríki um viðbrögð við þeirri ógn sem vissulega hefur steðjað að okkur frá hryðjuverkamönnum og við kynnumst í hvert sinn er við förum um flugstöðvar heimsins. Hinsvegar liggur fyrir að ákvörðun um innrásina virðist hafa verið byggð á fölskum forsendum og var hún að því leyti misráðin. Fyrir liggur að

samráð um þessar aðgerðir náði ekki til ríkisstjórnarinnar og Alþingis að öðru leyti en því sem varðar ákvörðun um stuðning vegna uppbyggingar og hjálparstarfs. Staða þessa máls er í dag með þeim hætti að nú þarf að hugsa til framtíðar og leggja á ráðin um hvernig þjóðir heimsins geta sameinast um að koma á friði og lýðræðislegri stjórn í landinu og tryggja uppbyggingu í þágu írósku þjóðarinnar.“


### Fjarskipti skapa skilyrði til blómstrandi háskólastarfsemi

– Hvernig sérðu fyrir þér uppbyggingu menntamála í fjórðunginum á næstu árum – með sérstakri áherslu á háskólauppbyggingu á Ísafirði og framhaldsskólauppbyggingu á suðurfjörðunum.

„Menntastofnanir eru mikilvægur lykill að framþróun og fólksfjölgun á Vestfjörðum. Því blasir við nauðsyn þess að ungmenni geti sótt framhaldsnám bæði í verklegum og bóklegum greinum til stúdentsprófs í sinni heimabyggð bæði í þeim ágæta framhaldsskóla á Ísafirði og við nýja framhaldsdeild í Vesturbyggð eins og ákvæðið hefur verið. Hvað varðar háskólauppbyggingu tel ég að á Ísafirði, byggðakjarna Vestfjarða, eigi að rísa háskólastarfsemi sem byggji á þekkingu og reynslu í umhverfi atvinnuvega og stofnana á Vestfjörðum. Grundvöllur öflugra menntastofnana um allt land eru öflug fjarskipti sem opnað hafa leiðir til þess að starfrækja háskóla og rannsóknastofnanir í öllum landslutum og nýta sér upplýsingatæknina til að skapa skilyrði til aðgangs að bestu kennslu og rannsóknum óháð staðsetningu. Með fjarskiptaáætlun er lagður grunnur að þessu með nýtingu fjarskipta og upplýsingatækni um allt land. Fjarskiptin eiga með öðru að skapa skilyrði til þess að öflug háskólastarfsemi geti blómstrað á Ísafirði.“

### Mikilvægt að fólk sé hvatt til sparnaðar á eigin forsendum

## Helgi Björnsson á Skíðavíkunni



Hinn ástsæli Ísfriski söngvari Helgi Björnsson mun halda tvenna tónleika á Hótel Ísafirði á skíðavíkunni.

Tónleikarnir verða að loknu borðhaldi að kvöldi Skírdags og Föstudagsins langa.

Í boði fyrir tónleikagesti er annars vegar 3ja rétta matseðill auk tónleika á kr. 5000,- og hins vegar glæsilegt ostahlaðborð og tónleikar á kr. 3.000,-.

Byrjað er að taka niður borðapantanir í síma 456 3360.

#### Matseðill

Gufusteiktur saltfiskhnakki borinn fram á tómatsultu og seljurótarmauki með basilólíu  
Léttsteikt lambafille í kryddjurtahjúp framreitt með rösti grænmeti og madeiragljáa  
Glæsilegt úrval osta og ávaxta borið fram á hlaðborði



## Góður árangur hjá Vestrakrökkum

Ísfirski sundkappinn Páll Janus Þórðarson hafnaði í 5. sæti í æsispennandi úrslitasundi í 100 m flugsundi á Íslandsmeistaramótinu sem haldið var fyrir stuttu. Hann synti á tímanum 01:02:71 sem er einni sek. lakari tími heldur en í undanrásunum. „Páll var mjög spennur og sást það greinilega á sundinu sem var stíft og öndunin slæm sem gerði það að verkum að hann fann sig aldrei almennilega í sundinu. Hann var á tímabili í 7. sæti en átti góða 5. metra í restina sem skilaði honum í 5. sæti“, segir á vef sundfélagsins Vestra. Anna María Stefánsdóttir, félagi Páls úr Vestra, synti 200m fjórsund og synti á góðum tíma en gerði ógilt. Einnig synti Anna 400 m skriðsund og bætti sig um 6. sek.



– Hvernig vilt þú stefna að bættum kjörum öryrkja og aldraðra, og annarra sem minna hafa í samfélaginu, á komandi árum – ef þú þá vilt það yfir höfuð?

„Hlutverk almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna er að tryggja öldruðum ánægjulegt ævikvöld eftir að hafa skapað sér eign í lífeyrissjóðakerfinu með fyrirhyggju og sparnaði og að tryggja öryrkjum það öfluga öryggisnet sem þeim þarf að búa gegnum almannatryggingakerfið með örorkubótum sem tryggja afkomu þeirra. Það er mikilvægt að allir einstaklingar og fjölskyldur séu hvött til sparnaðar á eigin forsendum og þeir hugi þann veg að þeim tímamótum

þegar til starfsloka kemur. Lífeyrissjóðakerfið á að vera okkar mikilvæga trygging sem allir eiga aðgang að og eru meðvitaðir um eign sína og réttindi. Með vaxandi tekjum ríkissjóðs skapast betri skilyrði til þess að bæta hag öryrkja með hærri örorkubótum til þeirra sem þurfa þeirra við. Mikilvægt er að byggja upp það kerfi sem hvetur alla til að nýta sem lengst starfsorku sína og getu til tekjuöflunar.

**Framkvæmdir í vegagerð í samræmi við óskir heimamanna**

–Hver eru forgangsatridi í samgöngumálum á Vestfjörðum, að þínu mati?

„Forgangsatridi í samgöngum á Vestfjörðum koma fram í samgönguáætlun. Þessi verkefni eru þar í forgangi og fjármagn tryggt til framkvæmda.

Fullbyggðir flugvellar á Ísafirði, Þingeyri, Bildudal og Gjögri. Auk þess þarf að taka afstöðu til framtíðar flugvallarins í Patreksfirði.

Höfnunum í öllum byggðum Vestfjarða eru tryggðar fjárveitingar til þeirra framkvæmda sem sveitarfélögin telja mikilægastar.

Framkvæmdir í vegagerð eru í samræmi við óskir heimamanna og má þar nefna endurbýggingu vegar til Drangs-

ness, endurbýggingu Djúpvogar, veg um Arnkötuldal, jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, nauðsynlegar stórframkvæmdir við að ljúka Vestfjarðarvegi frá Bjarkalundi í Flókaland og yfir Dynjandisheiði og uppbygging tengivega og safnvega sem liggja að fjölförnum ferðamannastöðum. Þessum framkvæmdum öllum verður hægt að ljúka fái sjálfstæðismenn umboð þjóðarinnar til þess að halda áfram uppbyggingar- og framfarasókn síðustu ára, sagði Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra og oddviti sjálfstæðismanna í NV-kjördæmi.“

– eirikur@bb.is

## Söfnun til styrktar fjölskyldu

Ættingjar og vinir Pálinu Þórarinsdóttur, sem missti sambýlismann sinn Eirík Þórðarson þegar Björg Hauksdóttir ÍS fórst þann 13. mars, hafa stofnað reikning til styrktar fjölskyldunni. Fyrir þá sem vilja leggja málefnið á reikningurinn í Gltinu á Ísafirði og er númer 0556-14-603900. Kennitala: 060951-3499.



**ER KOMINN TÍMI Á ALVÖRU SUMARVINNU?**

Við leitum að góðu fólki, sem er fætt 1990 eða fyrr, í sumarafleysingarstörf í verslun okkar og á timbursvæði á Ísafirði.

**Það sem þú þarft að gera:**

- Afgreiða og þjónusta viðskiptavinum
- Vinna önnur tilfallandi störf
- Sýna dugnað, frumkvæði og stundvís
- Kunna vel á tölvu

Sendið umsóknir til starfsmannastjóra Húsasmíðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, atvinna@husa.is Það er líka hægt að sækja um störfin á heimasíðu Húsasmíðjunnar - www.husa.is



**HÚSASMÍÐJAN**

**Nú er hægt að gerast áskrifandi af vefútgáfu BB. Hafið samband við Sigurjón í síma 456 4560**

## Bræður bæta við bátafлотann

Bræðurnir Arnar og Gísli Jón Kristjánssynir hafa báðir nýverið fest kaup á bátum og fært til hafnar á Ísafirði. Arnar keypti tog- og netabátinn Óla Hall HU-14 frá Blönduósi, en hann hét eitt sinn Guðrún Jónsdóttir ÍS. Báturinn sem er 188 brúttórúmlasta stálskip mun verða gerður út á úthafsækju. Óla Hall keypti Arnar af Ísfirðingnum Hrólfi Ólafssyni sem í eina tíð var stýrimaður á Guggunni. Óli Hall var byggður í Noregi árið 1962. Báturinn er keyptur án kvóta og gerir Arnar ráð fyrir að hefja veiðar með hækkandi sóli.

Aldan ÍS-47 er báturinn sem Gísli Jón hefur keypt. Aldan var byggð í Noregi árið 1987, hún er 59,7 brúttórúmlasta dragnóta- og netabátur, gerð úr stáli. Báturinn hét síðast Guðrún Jakobsdóttir og var gerð út frá Dalvík. Bátum fylgdu ekki aflaheimildir aðrar en þær sem leigðar höfðu verið á hann fyrir árið. Aldan verður gerð út á dragnót, þá aðallega á ýsuveiðar jafnframt því sem hún kemur til með að fiska í þorskeldi fyrir Álfsfell ehf.



Aldan sem Gísli Jón Kristjánsson festi nýverið kaup á.



# Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

## Blogg Jóns Steinars Ragnarssonar

<http://prakkarinn.blog.is/blog/prakkarinn/>

Eitt kjánalegasta fyrirbærið í annars smákjánalegum kvikmyndaiðnaðinum, eru myndirnar, sem gerðar eru um myndina og kallast "Á bak við tjöldin." eða "Making of." Í þessum myndum er sjálfhverfa draumasmíðjunnar holdgerð svo um munar. Í fyrsta lagi þá er sjónum neytenda beint að því hversu ofboðslega mikið mál það er að búa til bíómynd. Hvað margir *fagmenn* koma að verki og hve mikil *sérkunnátta* er á ferð. Hvað menn eru ógizzlega pró.

### Smáauglýsingar

Kaupi bíla til niðurrifs. Upplýsingar í síma 899 4201.

Til sölu er húseignin að bakka-vegi 23 í Hnífsdal. Um er að ræða einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Gott útsýni og stór garður. Upplýsingar í síma 456 4559 eða 892 2578.

Óska eftir 4ra herb. íbúð til leigu á Ísafirði í vor. Helst á eyrinni. Upplýsingar gefur Ásdís í síma 844 1870.

Til leigu er herbergi á kr. 30 þús. á mánuði, með aðgangi að eldhúsi og þvottaaðstöðu. Nánari uppl. í síma 456 6600.

Par með barn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu frá og með 1. júní. Erum reyklaug og ábyrgðarfull. Uppl. gefur Vala Dögg í síma 843 0028.

Valgarður miðill verður á Ísafirði dagana 11.-15. apríl. Uppl. og tímapantanir eru hjá Hrafni í síma 863 7086.

Stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga óskast keypt. Upplýs. í síma 844 8262.

Til leigu er 3ja herb. risibúð á Ísafirði með húsgögnum og húsbúnaði. Leigist frá 15. apríl nk. Upplýsingar gefur Eiríkur í síma 845 2685.

Nú er hægt að vera áskrifandi að netútgáfu bb.is! Hafið samband í síma 456 4560



### Til sölu

Til sölu er Volvo V70 XC Cross Country árg. 1998, ekinn 172 þús. km.

Fjór hjóladrif, leður-sæti, 190 hestafla túrbómotor, dráttarkrókur, þakbogar, spoiler, útvarp/segilband og CD spilar, aksturstölva og Cruise Control.

Topp fjölskyldubíll í toppstandi.

Upplýsingar í síma 690 1780.

### Spurning vikunnar

Ertu sátt(ur) við nýtt útlit bb.is?

Alls svöruðu 861.  
Já sögðu 413 eða 48%  
Nei sögðu 448 eða 52%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.




## Mikið stuð á hattaballi

Hattaballið sem kvennakórinn Vestfirsku valkyrjurnar hélt í Frímúrarasalnum á Ísafirði á laugardag gekk vonum fram. „Allir skemmtu sér rosalega vel og það var dansað fram á rauða nótt enda voru Baldur og Margrét í miklu stuði. Fjöldinn hefði mátt vera meiri en þarna var mjög góðmennt svo maður lét það ekki á sig fá,“ segir Lína Björg Tryggvadóttir, formaður kórnefndar.

Ballgestir mættu með hatta eða annað höfuðskraut og hlýddu á skemmtiatriði yfir borðhaldinu. Að því loknu var

slegið upp dansleik. Hattaballið var haldið í fjáröflunarskyni og var markmiðið að safna fé fyrir ferð kórsins á kóramót í Mývatni sem haldið verður 7. – 10. júní. Að sögn Línu Bjargar gæti vel farið að dansleikurinn verði að reglulegum viðburði í skemmtanaliði Ísfirðinga.

„Við vonumst til að geta gert hattaballið að árlegum viðburði og miðað við hvernig dansleikurinn heppnaðist nú þá er það alveg í deiglu.“ Ljósmyndari blaðsins kom við á ballinu og tók þar meðfylgjandi myndir. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)





## Straumur í gegnum slippinn

Nóg er að gera í slippnum Skipanausti á Ísafirði. Verið er að leggja lokahönd á Unu SU 3, en verið var að breyta bátnum svo hann henti betur sem krókakerfisbátur, en það felst t.d. í því að sett er í hann ný beitningarvél. Að því loknu mun Una halda til Breiðdalsvíkur, þaðan sem hún verður gerð út. Á brautinni utan dyra er Gunnvör ÍS 53 en hana er verið að gera klára til humarveiða er hún heldur á til Vestmannaeyja í maí. Gunnvör var smíðuð á Ísafirði árið 1979 og hét hún upprunalega Hilmir ST, en síðast bar hún nafnið Bryndís ÍS. Í slippnum er einnig tvíbyttna í eigu HG sem nota skal við þorskelði fyrirtækisins.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri. Vætusamt, einkum S- og V-lands. **Horfur á laugardag:** Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri. Vætusamt, einkum S- og V-lands. **Horfur á sunnudag:** Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri. Vætusamt, einkum S- og V-lands. **Horfur á mánudag:** Suðlæg átt og fremur hlýtt í veðri.



Auður Yngvadóttir og Ólína Þorvarðardóttir á námskeiðinu við Kröflu.



Sælkeri vikunnar er Þórarinn Ólafsson á Ísafirði

## Veislumatur og alþýðuréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo rétti, saltfisksrétt sem hann segir að sé veislumatur og Chilli-Lasagna sem er alþýðuréttur. „Ég er nú engin ofsa kokkur en get þó bjargað mér af og til í eldhúsinu. Yfirleitt eru mínir réttir einfaldir og fljótlegir“, segir Þórarinn. Hann mælir með að bera fram með saltfisknum soðnar kartöflur, ferskt salat, eðalhvítlauksbrauð og síðast en ekki sist gott hvítvín. Með Chilli-Lasagnaréttinum segir hann að nauðsynlegt sé að hafa hvítlauksbrauð fátæka mannsins (þverskorið ristað brauð með smjöri og hvítlaukssalti) og kók.

hneturnar og „svissíð“ á pönnu. Rúsinurnar fara á pönnuna þegar búið er að „svissa“ hitt hráefnið í ca. 5-6 mín. Þegar hneturnar eru orðnar vel ristaðar er tímabært að bera réttinn fram.

### Réttur 2. Chilli-Lasagna (alþýðuréttur)

**Hráefni og magn:**  
Pakki af venjulegu Lasanga  
2 grænar og góðar paprikur  
4 litlir laukar  
500-600g af nautahakki  
2 dósir af heilum niðursoðnum tómötum  
1 dós af tómátturru

### Aðferð:

Svissíð paprikuna og laukinn á pönnu með ólífuolíu á góðum hita. Þegar grænmetið er orðið vel lint takið þið það af pönnunni og setjið nautahakkið á pönnuna. Brúnið hakkið og kryddið vel með chilli dufti (ca. hálf dós) bætið tómötunum og tómátturrunni saman við hakkið. Þegar lasanga sósan/súpan (sem fylgir með í pakkanum) er orðin klár þá setjið þið hakkið og grænmetið saman við hana og látið malla saman í 4-5 mínútur. Að lokum hellið þið þessu í eldfast mót ofan á lasanga plötturnar, gerið 3-4 lög. Setjið svo inni ofn á 220°C í 25 mínútur. Takið þá mótið út og setjið vel af osti yfir. Aftur inni ofn í 10 mínútur í viðbót, eftir þann tíma ætti rétturinn að vera tilbúinn. Á meðan lasanga er að klára sig í ofninum er tilvalið að nota tímann og vaska upp og taka til í eldhúsinu.

Ég skora á Bergljóti Halldórsdóttir á Ísafirði sem næsta sælkeri enda veit ég fyrir vist að þar er á ferðinni kona sem lumar á mörgum snilldar uppskriftum.

### Réttur 1. Saltfiskur (veislumatur)

#### Hráefni:

Notið eðal-saltfisk hnakka úr þorski  
Beikon, möndlu-flögur, valhnetur, heslihnetur og rúsinur

#### Magn:

Magnið fer að sjálfsögðu eftir því hve margir eru í mat hverju sinni. Hinsvegar má endalaust narta í þennan rétt þrátt fyrir að hann sé orðin kaldur og því óhætt að hafa þetta riflegt. Sjálfsagt er að nota 4-6 hnakka (800-1200g), eitt til tvö bréf af beikoni, hálfan til heilann pakka af möndlum og hnetum og rúsinur eftir smekk.

#### Aðferð:

Veltið hnökkunum upp úr hveiti og steikið með ólífuolíu á heitri pönnu þangað til að báðar hliðar eru orðnar nett gylltar. Setjið þá hnakkana í eldfast mót og inni ofn á 180°C næstu 10-15 mínúturnar. Á meðan hnakkarnir gera sig klára í ofninum þá takið þið beikonið, möndlurnar og

# Ísfirskra björgunarhunda-sveitin við æfingar á Kröflu

Þrjú ísfirskir unghundar hafa nú fengið vottun sem efnilegir björgunarhundar með C-gráðu á vetraræfingu Björgunarhundasveitar Íslands sem fór fram við Kröflu sl. viku. Hundarnir sóttu námskeiðið ásamt eigendum sínum sem sjá um þjálfun þeirra, en þau eru: Auður Yngvadóttir með Border-Collie hundinn Skímu, Ólína Þorvarðardóttir með dalmatíuhundinn Blíðu og Ágúst Hrólfsson með Rottweilerhundinn Balta. Á námskeiðinu tók Auður Yngvadóttir

ennfremur réttindi sem leiðbeinandi við þjálfun björgunarhunda.

Markmið vetraræfingar af þessu tagi er að þjálf og taka út björgunarhunda í snjóflóðaleit og björgun við vetraraðstæður. Hundarnir eru æfðir og prófaðir í svokölluð A, B og C- próf. A og B próf eru vottun um að hundur sé tækur á útkallslista, C-próf er vottun um að hundur sé hæfur sem björgunarhundur og tækur til þjálfunar fyrir B-próf.

Námskeiðið sóttu félagar í

björgunarhundasveitum allsstaðar að af landinu, samtals 24 leitarteymi. Þar af voru sex leitarteymi af Vestfjörðum. Auk Ísfirðinganna fóru frá Patreksfirði: Briet Arnardóttir með Skutlu (A-próf), Þröstur Reynisson með Lassa (A-endurmat) og Smári Gestsson með Skyttu (unghund án gráðu).

Ísfirsku teymin eru meðlimir í Björgunarfélagi Ísafjarðar og fá þaðan aðstoð við þjálfunina. Þeir hundar sem nú tóku C-próf hafa verið í þjálf-

un frá því í sumar og æft 1-2svar sinnum í viku. Næst á döfinni er að halda helgarnámskeið hér fyrir vestan, til þess að taka út og votta þá hunda sem ekki áttu heimangengt að þessu sinni.

Það eru fjórir Border-Collie hundar. Frá Ísafirði eru: Skvísa Harðar Sævars Harðarsonar, Tinni Jónu Dagbjartar Guðmundsdóttur og Patton Skúla Bergs og frá Patreksfirði Goði Ingþórs Keranssonar.

– annska@bb.is



Tíkin Blíða finnur mann í snjóholu.





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Sjáumst á  
Suðureyri!



**bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn**

## Fæðingum fækkar á Vestfjörðum

Alls kom 91 barn í heiminn á Vestfjörðum á síðasta ári, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands, en svo fáir hafa ekki fæðst á svæðinu áratugum saman. Tvisvar hefur það gerst á síðustu 16 árum að 92 börn hafi fæðst á einu ári, árið 2001 og árið 2005.

Að meðaltali fæddust 134 börn á ári síðustu 16 árin. Flest börn fæddust árið 1994, eða 198, en eins og áður segir fæddust fæst í fyrra. Ef tímabilinu er skipt í tvennt sést að tímabilinu 1991-1998 fæddust að meðaltali 163,5 börn á ári, en á tímabilinu 1999-2006 fæddust að meðaltali 104,5 börn á ári. Fæðingum milli

þessara tveggja átta ára tímabila fækkaði þannig um 36%.

Ef litið er til sveitarfélaga þá töldust 8 fæddir til Bolungarvíkur, en 13 á síðasta ári. 58 töldust fæddir til Ísafjarðarbæjar, en 47 á síðasta ári. Þrjú börn fæddust til Reykhólahrepps, líkt og í fyrra, og 4 fæddust til Tálknafjarðarhrepps, einnig líkt og í fyrra. Fimm börn fæddust til Vesturbyggðar, en 14 í fyrra. Fjögur börn fæddust til Súðavíkurhrepps en 5 í fyrra. Eitt barn fæddist til Árneshrepps, en ekkert í fyrra. Eitt barn fæddist til Kaldrananeshrepps en þrjú í fyrra.

– eirikur@bb.is



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

### Vinstri Grænir auka fylgið í NV-kjördæmi

Sjálfstæðisflokkur og Vinstrihreyfingin – grænt framboð eru næri því jafn stórir í NV-kjördæmi samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup sem birt var fyrir helgi.

Sjálfstæðisflokkur fær 29,9% atkvæða, en VG fær 29,3% atkvæða. Þá fær Samfylkingin 20% og Framsóknarflokkurinn 12%. Frjálslyndi flokkurinn fær 7,3%, sem er meira en í nokkru öðru kjördæmi, en aðrir flokkar fá 1,5% atkvæða, samkvæmt könnun Capacent Gallup.

– eirikur@bb.is

## Vegagerð í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi gengur samkvæmt áætlun

Vegagerð um Reykjafjörð við Ísafjarðardjúp gengur samkvæmt áætlun. Verið er að gera fyllingu yfir fjörðinn en það eru verktakafyrirtækin KNH og Vestfirskir verktakar sem sjá um verkið. Að sögn Sigurðar Óskarssonar hjá KNH gengur allt samkvæmt

áætlun, en um 35 manns vinna að verkinu.

Vegurinn sem leggja á í þessum áfanga er 14,5 km langur, frá Rauðagarði á Reykjanesi að Hörtná vestan Mjóafjarðar. Á honum verða þrjár brýr; 130 m stálbogabrá á Mjóafjörð, 60 m spenn

bitabrá á Reykjafjörð og 10 m steipt plötubrú á Vatnsfjarðarós. Verkið er með þeim stærstu sem boðin hafa verið út í vegagerð héraendis.

Verkefninu á samkvæmt útboði að vera að fullu lokið 1. nóvember 2008.

– tinna@bb.is



Vinna við fyllingu yfir Reykjafjörð gengur vel. Mynd: Páll Öundurson.

## Mismuninum varið í uppbyggingu Vestfjarðavegar

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir ánægjulegt hve mörg góð tilboð hafi borist í gerð nýs Tröllatunguvegar, en eins og kemur fram hér í blaðinu voru tilboð verktaka í gerð vegarins mörg hver langt undir áætluðum verktakakostnaði, sem hljóðaði upp á

865,6 milljónir króna. Þannig er lægsta tilboðið frá Ingileifi Jónssyni ehf, en það hljóðar upp á tæpar 662 milljónir króna, um 200 milljónum undir kostnaði.

Næstlægsta tilboðið er frá Klæðningu ehf og hljóðar upp á 696 milljónir króna. Sturla segir að þetta sýni að verið er

að bjóða út á hárréttum tíma og að slaknað hafi á verðbólguþessum. Lág tilboð eru auðsýjanlega til hagsbóta og mun Sturla leggja til að mismuninum verði varið í uppbyggingu Vestfjarðavegar, en hann vill hraða uppbyggingu vega um Barðaströndina.

## Særaf ehf. og Roland ehf. sameinast Netheimum

Bolvísku fyrirtækin Særaf ehf. og Roland ehf. hafa verið sameinuð Netheimum ehf. á Ísafirði undir nafni Netheima. Tilgangurinn er að búa til stærri og öflugri rekstrareiningu sem er betur í stakk búin til að takast á við fleiri og fjölbreyttari verkefni. Særaf ehf. er í eigu Guðbergs Arn-

arssonar rafeindavirkja, en fyrirtækið hefur m.a. sinnt þjónustu við skipaflota Vestfirðinga á sviði siglinga- og fjarskiptatækja. Guðbergur verður starfsmaður og hluthafi í Netheimum og mun áfram sinna þjónustu sem Særaf hafði með höndum auk annarra verkefna.

Roland ehf. er tölvuþjónustufyrirtæki í Bolungarvík en eigandi þess er Roland Smelt tölvunarfræðingur. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í almennri tölvuþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga. Roland Smelt verður starfsmaður og hluthafi í Netheimum og mun sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir

fyrirtækið.

Netheimar ehf. var stofnað árið 2002 og hefur rekið tölvuþjónustu og verslun á Ísafirði ásamt annarri tengdri starfsemi. Fyrirtækið hefur á annað ár starfað sem verktaki á þjónustusviði fyrir Símann og á samstarf við öflugustu fyrirtæki landsins á sviði upplýs-

ingataekni, Opin kerfi, EJS og Nýherja. Stofnendur fyrirtækisins Lárus G. Valdimarsson eðlisfræðingur og Magnús Hávarðarson tölvu- og kerfisfræðingur munu starfa áfram hjá fyrirtækinu.

Netheimar eru um þessar mundir að taka í notkun glæsilegt húsnæði að Aðalstræti 20

á Ísafirði, sem er fyrrum húsnæði Sparisjóðs Vestfirðinga, og gefur það að sögn fyrirtækinu aukin sóknarfæri á mörgum sviðum. Jafnframt mun fyrirtækið reka starfsstöð í Bolungarvík. Sex manns starfa hjá Netheimum eftir sameiningu fyrirtækjanna þriggja. – eirikur@bb.is